



ORKUSTOFNUN

**Um vatnasvið Þingvallavatns.
Rannsóknáfangi 1995**

**Freysteinn Sigurðsson,
Gutormur Sigbjarnarson**

Greinargerð FS-GS-95-11



UM VATNASVIÐ ÞINGVALLAVATNS Rannsóknálfangi 1995

ÁGRIP:

Vatnasvið Þingvallavatns takmarkast að vestan sem næst af vatnaskilum á yfirborði, nærri Kaldadalsvegi að norðvestan og að norðan eru vatnaskilin undir Langjökli en þar vantar enn jölkulkort (íssjárkort). Getum er leitt að því, að vatnaskil milli Þingvallavatns og Brúarár liggi frá Skerslum, líklega austanverðum, um Hlöðuvelli og vestanverð Laugardalsfjöll, en enn er þó sittihvað óljóst í þeim efnum. Aðrennsli Brúarár er líklega að norðaustan en að litlu leyti úr Brúarárskörðum, en vatnasvið hennar, og mörk þess gagnvart vatnasviði Þingvallavatns, þurfa nánari geiningar við. Lindir vestan í Laugardal hafa að líkum aðrennsli af Lyngdalsheiði og fjöllunum norðan hennar.

Grunnvatnið til Þingvallavatns rennur einkum fram í sprunguskörunum tveimur við norðvesturhorn vatnsins (Almannagjá o.fl.) og norðausturhorn (Hrafnagjá o.fl.). Vatnsmegin þess vestari er líklega $40 - 65 \text{ m}^3/\text{s}$ en þess austari $20 - 45 \text{ m}^3/\text{s}$. Aðrennslissvæði þess austari er hugsanlega þrengra og mjórra en þess vestari, en nær að öllum líkum að marki inn á Langjökul, en vestari straumurinn dregur einkum vatn til sín af vesturjaðri vatnasviðsins og hraununum upp að Þórisjökli.

Inngangsorð:

Í greinargerð þessarri er fjallað um rannsóknir, sem gerðar voru á vatnajarðfræði og grunnvatnsfari á vatnasviði Þingvallavatns síðumars og um haustið 1995. Rannsóknir þessar voru í umsjá Orkustofnunar, en á vegum Landsvirkjunar, samkvæmt samningi milli þessarra aðila og Guttorms Sigbjarnarsonar, jarðfræðings, frá 21.08.1995. Verkáætlun þessa samnings byggði á minnisblaði frá Orkustofnun frá janúar 1995 um áfangarannsókn á téðu vatnasviði. Þetta árið var aðeins sinnt um helmingi þeirra rannsókna, sem þar voru tilgreindar. Eins og fram kemur í téðri verkáætlun og minnisblaði, þá er hér um áfangarannsóknir að ræða, sem er ætlað að skýra vissa þætti í vatnajarðfræði vatnasviðs Þingvallavatns, og þóka þar með rannsóknum á því einu skrefi nær nægjanlegri þekkingu undir fyrirhugaða nýtingu á vatnasviðinu og vatni af því, varðveislu þess og meðferð. Að rannsókn þessarri unnu jarðfræðingarnir Freysteinn Sigurðsson, á Orkustofnun, og Guttormur Sigbjarnarson, fyrrum starfsmaður Orkustofnunar, sem á sínum tíma vann umfangsmiklar rannsóknir á vatnasviðinu.

Vandamál, viðfangsefni og umfjöllun:

Vandamál þau, sem þessi rannsókn beindist að, voru mörk grunnvatnssviðs Þingvallavatns og jarðfræðilegar orsakir þeirra, uppruni grunnvatnsins og leiðir helstu grunnvatnsstrauma til Þingvallavatns. Að þessu sinni var lögð áhersla á að reyna að gera sér grein fyrir yfirliti af meginindráttum í vatnajarðfræði svæðisins og fá sýnishorn af efnaþáttum ("anjónum", "forfarendum") í vatni á og umhverfis vatnasviðið, en þeir eru háðir uppruna og upprunastað vatnsins.

Hér á eftir verður einkum fjallað um eftirtalda þætti:

1. Fyrri rannsóknir og niðurstöður úr þeim.
2. Vatnafar og veðurfar á svæðinu.
3. Jarðgerð og lískleg jarðlekt vatnasviðsins.
4. Efnainnihald vatns og uppruni þess.
5. Samskoðun upplýsingaþáttu.

Að lokum eru helstu niðurstöður dregnar saman og bent á hvaða frekari rannsókna þurfi næst við.

Fyrri rannsóknir og niðurstöður þeirra:

Töluberðar vatnafars- og jarðfræðirannsóknir hafa verið gerðar á vatnasviði Þingvallavatns, allt frá því Jónas Hallgrímsson fór villur vegar um Skjáldbreiðarhraun og orti hið fræga kvæði sitt um *Fjallið Skjáldbreið*. Þar setur Jónas fram þá hugmynd sína, að Þingvallahraun sé komið frá Skjáldbreið og Þingvallavatn sé myndað við landsig. Hafa margir haft hvoru tveggja fyrir satt sðan og vekur það m.a. til slugunar um eftirtektargildi þess, að setja fróðskap fram í bundnu máli. Grein er gerð fyrir rannsóknum á svæðinu í bókinni *Thingvallavatn* (Ritstjóri: Pétur M. Jónasson, 1992), en í henni eru m.a. kaflar um helstu þætti náttúrufars svæðisins, sem máli skifta fyrir vatnafar og jarðgerð vatnasviðsins: Jarðfræði (Kristján Sæmundsson 1992), jarðfræði vatnsbotnsins (Kjartan Thors 1992), veðurfar á svæðinu (Markús Á. Einarsson 1992), vatnafar og eðliseinkenni Þingvallavatns (Hákon Ádalsteinsson o.fl. 1992), samsætur í vatni á vatnasviðinu (Árný E. Sveinbjarnardóttir og Sigfús J. Johnsen 1992), efnainnihald vatns í og við Þingvallavatn (Jón Ólafsson 1992). Af eldri heimildum, sem þar er getið, skulu aðeins tvínnar nefndar: Tvær greinargerðir um vatnshag Sogsins (Guttormur Sigbjarnarson 1966 a og b) og umfjöllun um vatnasvið Þingvallavatns á grundvelli tvívetnissamsætna í vatni (Bragi Árnason 1976). Af sfordari rannsóknum skal hér einungis tveggja getið: Fjölpætta umfjöllun um grunnvatn af jökulrænum (glasfal) uppruna, m.a. á vatnasviði Þingvallavatns (Freysteinn Sigurðsson 1991) og umfjöllun um tengsl efnasamsetningar grunnvatns á Íslandi og veita (aquifers) þeirra, er það rennur um (Freysteinn Sigurðsson 1993).

Samkvæmt þessum heimildum hefur verið talið lísklegt, að mörk grunnvatnssviðs norðurstrandar Þingvallavatns liggi nærri yfirborðsvatnaskilum að vestan, og þó vestan þeirra a.m.k. norðan til; nái norður fyrir Þórisdal í Langjökli og austur undir Hlöðufell og Skriðu að austan. Svæðið umhverfis Laugarvatnsvelli er talið hafa afrennsli til austurstrandar Þingvallavatns. Austar sé rennsli frá jökli beint til SSV ofan í Laugardal. Grunnvatnsstraumar skiftist svo, að gjárnar við Almannagjá - og útrennsli hjá Silfru - hafi aðrennslissvæði upp til Þórisjökuls, vestanverðs, en gjárnar við Hrafnagjá - og útrennsli hjá Vellankötlu - af austurhluta vatnasviðsins (Bragi Árnason 1976). Athuganir á efnainnihaldi vatnsins, einkum klórföi, hafa hins vegar verið túlkadar svo, að nálægt 3/4 vatnsins spretti fram á vestursvæðinu en aðeins 1/4 á austursvæðinu (Jón Ólafsson 1992). Efnainnihald og samsætuinnihald (Árný E. Sveinbjörnsdóttir og Sigfús J. Johnsen 1992) á austursvæðinu hafa verið túlkud þannig, að verulegur hluti vatns þar sé, eða geti verið, af jökulum (glasfal) uppruna. Þess hefur verið getið til (Freysteinn Sigurðsson 1991), að 1/4 - 1/2 af lindavatninu við norðurströnd Þingvallavatns sé jökulvatn að uppruna.

Innan ramma fyrirliggjandi rannsóknaverks hefur ekki verið vettvangur fyrir að fara vandlega og af fyllstu gagnrýni ofan í tilgreindar, og aðrar tiltækar, heimildir eins og vert væri. Verður það að bða síns tíma. Hér á eftir verður til, það sem meginmáli er talið skifta um hvern þátt, og sennilegast sýnist, að svo stöddu.

Vatnafar og veðurfar:

Ísklegt er, að 80 - 90 m³/s af lindavatni falli til norðanverðs Þingvallavatns, en vera má að það sé eitthvað ofmetið. Yfirborðsafrennsli er ekkert til vatnsins af hraununum frá Öxará austur um til Sogs, nema stundum lítið eitt í vetrarblotum og vorleysingum (Guttormur Sigbjarnarson 1966 b). Ber öllum heimildum saman um, að grunnvatnssviðið muni ná upp undir Kaldadal, upp í Langjökul og ísklega austur í námunda við Hlöðufell, en óvissan er mest um austurmörk þessa vatnasviðs. Veðurathugunarstöð var lengi á Þingvöllum og var meðaltalsársúrkoma þar nærri 1.300 - 1.400 mm/ári. Mælingar virðist skorta ofar á vatnasviðinu. Hefur því ýmsum getum verið leitt að úrkomudreifingu á því (Markús Á. Einarson 1992, Freysteinn Sigurðsson 1991), en ljóst er, að áhrif fjalla á svæðinu eru giffurlega mikil (Botnssúlur - Hvalvatn, Adda Bára Sigfusdóttir 1990), en þeim virðast ídulega fylgja úrkomuskuggar að fjallabaki.

Að svo stöddu verður eftirfarandi úrkomudreifing talin vera ískleg: Í Þingvallasveit norðan vatns um 1.500 mm/ári; fjöllin upp af Þingvallasveit og Laugardal upp í eða yfir 3.000 mm/ári; úrkomuskuggar vestur og suðvestur af Skjaldbreið og norður af Skjaldbreið og Hlöðufelli <1.000 - >1.500 mm/ári; Skjaldbreið og Hlöðufell 2.000 - 3.000 mm/ári eða jafnvel meira, Pórisjökull og Langjökull >4.000 mm/ári. Tilvist úrkomuskuggans vestur af Skjaldbreið er byggð á áratuga kynnum en tilvist úrkomuskuggans norður af Hlöðufelli og Skjaldbreið er byggð á grðúrfari, jarðvegsástandi og landsáferð. Mat á úrhelli og áleiðingum á fjöll og jöklar er einnig byggt á margra ára athugunum.

EKKI er enn þá vitað, af hversu stóru svæði á Langjökli grunnvatn streymir til Þingvallavatns. Það verður ekki vitað með marktækri sanngirni, fyrr en kort liggur fyrir af jöklinum og grunni jöklulsins (fssjárvirk, Helgi Björnsson 1988). Þess hefur verið getið til (Freysteinn Sigurðsson 1991), að vatnasviðið á jöklum væri etv. 150 - 300 km², en því jafngilti 20 - 40 m³/s ákoma. Yfirborðsafrennsli frá jöklum er ekkert á svæðinu, nema eilítið vestur til Geitár og austur til Haga-vatns, auk rennslis út á hraun og sprungusvæði við rætur jöklanna. Samkvæmt þessu væri ísklegt, að nærri 30 m³/s af jökulvatni legðust til grunnvatns á vatnasviðinu.

Í sömu heimild er metið, að jökkulaust svæði á vatnasviðinu sé nærri 700 - 800 km², en meðaltalsúrkoma á því svæði sé etv. ekki nema um 2.000 - 2.500 mm/ári. Því samsvaraði um 45 - 65 m³/s grunnvatnsafrennsli af því landi. Gert var þá ráð fyrir svipuðum mörkum á grunnvatnssviðinu og rannsóknir í ár benda til, svo að þessar tölur gætu enn verið í gildi. Samtalan er þá 80 - 90 m³/s, þar sem framlag jöklulsins er um 20 - 45 %, eða nærri þriðjungi alls vatnsins að meðaltali. Frekari vangaveltur um þessa skiftingu hafa lístinn tilgang, þar til jökkulkortið liggur fyrir og austurmörk vatnasviðsins eru betur og tryggar þekkt.

Jarðgerð og jarðlekt:

Ágrip af jarðfræði:

Jarðgerð vatnasviðsins einkennist af því, að meginás svokallaðs vestara gosbeltis (Reykjanes-Langjökuls-gosbeltið) liggur um Þingvallavatn og upp til Langjökuls. Þar er talið vera landrek í gangi, margar og miklar sprungur eru auðsæjar og gosvirkni á slökvarter og nútíma er mikil á svæðinu, einkum austanverðu. Jarðlög eru því víða vel lek á vatnasviðinu og sprungurnar auka enn á lektina, auk þess sem þær valda misleitni (anlsótrópt) í henni og beina grunnvatninu til Þingvallavatns. Lekust eru hraun frá nútíma, svo sumt grágrýti og ófyllt bólstraberg, en móberg sumt er miður lekt. Gamlar jarðmyndanir (á íslenskan mælikvarða; árkvarterar og eldrí) og verulega holufyllt eða ummyndað berg hefur minnsta lektina (Freysteinn Sigurðsson og Jón Ingimarsson 1990).

Vatnasvið norðurstrandar Þingvallavatns liggur fyrst og fremst í svokallaðri Þingvallavatns-lægð, sem takmarkast af árkvarteru bergi í fjöllóttu landi að vestan, grágrýtisbreiðum og upp-

brotnu landi á Kaldadal að norðaustan, háum og meira eða minna jökulþöktum móbergsfjöllum í Langjökli og Þórisjökli að norðan og móbergsfjallgörðum (Skefilfjall, Kálfstindar o.fl.) á hásléttubrún að austan, en móbergsfjöllum í Laugardalsfjöllum austan þeirra, sem hugsanlega eru hluti af einhvers konar megineldstöðvararfildi og líklega úr eldra bergi og péttara. Sunnan fjallgarðanna liggur grágrýtisskjöldur Lyngdalsheiðar líklega ofan á eldra bergi og péttara.

Lægðin sjálf er sléttlend og þakin hraunum, m.a. frá Skjaldbreið, sem rís hátt yfir hana. Sprunguskarar liggja nærri N 30 °A eftir lægðinni, mest áberandi vestan megin (Almannagjá o.fl.) og austan megin (Hrafagnajá o.fl.) í henni. Um þá er mesta grunnvatnsstreymið til Þingvallavatns. Á vatnasviði Brúarár og Tungufjóts klýfur eldri megineldstöð undir Bjarnarfelli líklega grunnvatnsstrauma innan af hraununum og innan frá Langjökli. Norðaustlægir móbergsfjallgarðar ofan byggðar mynda þar líklega eins konar stíflur á grunnvatnið, en vera má að lekara berg (grágrýti ?) og sprunguskarar liggi undir þau og veiti einhverju grunnvatni fram.

Pingvallavatnslægðin:

Áðalsprungusvæðin liggja í landslagslægð frá Þingvallavatni upp undir Langjökul, sem hefur að hluta til myndast við sig, einkum sunnan til, en er að hluta til vegna upphleðslu móbergsfjalla og gosskjalda (dyngjur) beggja vegna við, einkum þó austan megin. Lægð þessi er girt af til nordurs af fjöllum undir Þórisjökli og Langjökli, en Ármannsfell og Lágafell - Mófell girða hálfa leið yfir lægðina upp af Þingvallasveit. Þau fell liggja á ASA-lægu belti um Botnssúlur og Laugardalsfjöll, þar sem uppkoma gosefna á sðökvarter er talin hafa verið óvenjulega mikil á sðökvarter (Kristján Sæmundsson 1992), en belti þetta er framlenging til austur á samstefndu belti í Borgarfirði, þar sem tertíferar og árkvarterar megineldstöðvar hafa verið virkar. Langjökulsfjöllin eru trúlega tengd megineldstöðvum við Prestahnjúk á Kaldadal (sama heimild), í norðanverðum Langjökli og etv. þeirri þriðju í suðaustanverðum Langjökli.

Lægð þessi eða sigdalur er ósammældur (assymmetriskur) í gerð sinni (sjá þversnið hjá Kristjáni Sæmundssyni 1992). Sigið virðist vera mest vestur undir vesturmörkum sigdældarinnar og eru þar jarðög vísða snöruð til austurs. Gosvirkni á seinni hluta sðökvarter og á nútíma virðist hins vegar vera mun meiri austast á sigdældinni eða jafnvel austan hennar, nema þar sem megineldstöðvanna í Hengli (sunnan Þingvallavatns) og í Langjökli gætir. Lægð þessi er nú þakin dyngjuhraunum ("gos-skjaldarhraunum") frá Skjaldbreið, Þjófahraunsgígum og Eldborgum. Sára fá móbergsfell rísa upp úr hraununum og er því vísast, að upphleðsla slískra fjalla hafi verið þar rýr en yfir land þetta hafi í seinni tíma rás einkum lagst dyngjuhraun, sem nú myndu flokkast sem grágrýti. Þess hefur verið getið til, að jökulelfur hefðu fallið frá Langjökli til Þingvallavatns við lok sðustu fsaldar og boríð með sér sand og annað set (Kristján Sæmundsson 1992). Þetta er ekki vist, því að sundur sprungin grágrýtishraunin gætu hafa gleyst það vatn, rétt eins og nútíma hraunin sðustu 9.000 ár. Samt er líklegt, að eftir hjaðnandi jöklana í fsaldarlokin hafi legið valkestir af seti úr og undan þeim. Í heild hefðu þessi áhrif líklega verið í þá átt, að fylla meira í bergið næst jöklunum og draga þar meira úr lektinni en neðar, og skapa lagskifta og láréttu misleitni í lektinni í grágrýtinu, svo langt sem þau ná.

Jarðlekt þessa meginsvæðis byggir því líklega á stafla af grágrýtishraunum og samsða sprunguskörum. Trúlegt er, að einhverjir rislitlir móbergshryggir séu á kafi í grágrýtinu. Líklegt er, að lekt þeirra væri eitthvað lakari en í grágrýtinu, en aðaláhrif þeirra væru vætanlega að skapa misleitni í lektinni, þannig að rennsli grunnvatnsins væri tregara þvert á þá en greiðara samsða þeim. Allt skal látið ósagt um, hvernig jarðgerðin er, þegar dýpra dregur í jörð niður, en almennt verður berg þéttara og minna lekt, því neðar í jarðlagastaflanum, sem það liggur og það verður eldra, meira fergt og meira ummyndað. Sem fyrr segir er hugsanlegt, að setfylling hafi dregið úr lekt grágrýtisins, því meira sem lengra kemur inn til landsins og nær dregur Langjökli. Núverandi háfjöll í Langjökli og Þórisjökli eru hugsanlega frá sðasta jökulskeiði og hafi því jökulinn verið risminni fyrir þann tíma. Á er þó að lítta, að megineldstöðvar munu vera

undir jöklinum, sem ekki hafa verið sérlega virkar á nútíma og því etv. komnar nokkuð til aldur. Gætu þar því verið fjöll frá fyrri jökulskeiðum, sem nú sér lítt eða ekki til. Þetta eru þó allt meira eða minna vangaveltur.

Sprunguskararnir í lægðinni (og austan hennar) stefna nærrí 30° A, en stefnur á einstökum sprungum virðast gjarnan dreifast á bilinu $20 - 40^{\circ}$ A. Höggul greining (tektónisk analýsa) á sprungum þessum liggur ekki fyrir, né hefur í þessu verki verið tóm til að stunda loftmynda-könnun á sprungunum. Hvort tveggja væri þó býsna gagnlegt að gera, einkum þar eð mörög ósköp hafa í tímans rás verið sett á kreik með gervifræðum um sprungur og lekt þeirra. Sprungurnar virðast knippast saman í sprunguskara, eins og vandi er til. Þær eru að vanda gleggstar í hraununum frá nútíma, en enn eldri sprungur sjást líka í eldri jarðmyndunum, sem eykur á uppbrotna áferð þeirra sprunguskara. Niðri í Þingvallasveit ber mest á þremur sprunguskörum: Við Almannagjá og austan hennar, vestan megin í sigdældinni; við Hrafntagjá, austan megin í sigdældinni; við Drift, vestan í Lyngdalsheiði. Milli þessara sprunguskara ber lítið á sprungum, en þetta $3 - 5$ km virðast vera á milli sprunguskaranna. Með góðum vilja má rekja sprunguskara þessa upp undir Langjökul, en þó greinast þeir og dreifast meira í sundur upp í fjöllin austan lægðarinnar og upp undir Skjaldbreið. Að svo stöddu eru ekki efni til að greina sprungur þessar og sprunguskara nánar.

Niðri á hraununum eru margar sprungurnar galopnar niður á nokkurt dýpi og geta því fleytt fram mjög miklu vatni. Annars eru sprungurnar mismikið opnar og á köflum jafnvel lokaðar. Hvernig þessu er varið á Þingvallavatnassvæðinu verður að þóða höggulrar greiningar á sprungunum (Freysteinn Sigurðsson 1985). Ljóst er, að grunnvatnið rennur margfalt greiðara eftir sprungunum en þvert á þær. Sprungurnar valda því afar sterkri misleitni í jarðlekt svæðisins, sem dregur grunnvatnsstraumana til sprunguskaranna og hindrar þá strauma í því að renna til stórra muna út úr þeim aftur. Það eru því gildar forsendur fyrir því, að hverjum sprunguskara fylgi sérstakur grunnvatnsstraumur, með sérstakt aðrennslissvæði að verulegu leyti og séreinkenni í ástandi vatnsins.

Vesturfjöllin:

Vestan sigdældarinnar, eða landslagslægðarinnar, taka brátt við jarðlög frá árkvarter eða fyrri hluta sfsökvarter. Þau eru mest megnis basaltlög eða grágrýti, með lítils háttar svafi af setlögum eða móbergi hér og þar. Mislægt ofan á þeim standa rishá móbergsfjöll á fyrrnefndu "gosefnaframleiðslubelti", þar sem eru Búrfell, Botnssúlur, Hvalfell og Kvísgindisfell. Eithvað af lindum sprettur undan fellum þessum, t.d. í Hvannadölum sunnan undir Kvísgindisfelli, en lítið er það vatn í heild. Norðan Brunnvatns og Reyðarlæks (við Reyðarvatn) eru grágrýtislög brotin upp af sprungum ofan frá Kaldadal og falla þaðan lindavötn vestur til Borgarfjarðar. Sunnan Kvísgindisfells tekur við annar sprunguskari, hliðraður til austurs, með opnum sprungum suður af Tröllhálsi og á Ormavöllum. Liggur hann suður um Gagnheiði og í hæðirnar vestan bæja í Þingvallasveit, en ekki er vitað um miklar lindauppkomur þar á honum. Land er hins vegar þarna þurrt og afrennslissnautt á yfirborði, þar til fyrr nefnd eldri jarðlög, með yfirborðsaf-rennсли, taka við, en úr þeim sprettur sára lítið lindavatn, það sem vitað er. Svo virðist, sem opni sprunguskarinn á Þingvöllum sé enn skaraður til austurs, miðað við mest opna hluta skarans um Gagnheiði.

Austurfjöllin:

Austan sigdældarinnar rísa móbergsfjallgarðar inn og austur frá Þingvallasveit. Milli þeirra vestari er landið að mestu þakið hraunum frá nútíma, sem komið hafa upp á þeim slóðum. Austar liggja að fjallgörðunum basalthettaðir stapar, grágrýtisskildir og dalrofin fjöll í Laugardalsfjöllum. Er allt annar blær yfir þeim fjöllum en fjallgörðunum, bæði í uppbyggingu og rofástandi. Vekur það grun um, að þau kunni að vera allnokkru eldri en fjallgarðarnir, en þorri

þessarra fjalla hefur verið talinn vera frá síðasta jökluskeiði (Kristján Sæmundsson 1992). Enn austar taka við fjallaraðirnar ofan við Biskupstungur (Rauðafell, Högnhöfði, Kálftindur), en utan (sunnan) þeirra er nokkuð fullorðin megineldstöð með ljósgrýti undir Bjarnarfelli. Austan undir því er Geysissvæðið, sem er talið vera háhitasvæði.

Megineldstöð þessi liggur því sem næst beinstefnis á aður nefndu megineldstöðva- og gosefnaframleiðslubelti þvert yfir vestara gosbeltið. Hefur þess verið getið til (Kristján Sæmundsson 1992), að Laugardalsfjöllin gætu verið á einhvern hátt kynjuð við megineldstöð eða efni til hennar. Dýpra liggjandi jarðlög í þeim gætu því hafa orðið fyrir auknum hitaáhrifum og etv. einhverri þétingu af völdum ummyndunar, en öflugt jarðhitasvæði er á Laugarvatni, undir fjöllunum. Ef tilgátan um aldur og ummyndun í fjöllum þessum er rétt, þá væri við því að búast, að lekt væri til einhværra muna minni þar en í landinu vestan þeirra, a.m.k. í neðri hluta fjallanna. Það sést raunar á því, að yfirborðsafrænnlis gætir þó aðeins í fjöllum þessum, lindir spretta fram úr þeim, en þó flestar litlar, en öflugar lindir koma upp á sprungum í berginu, bæði hjá Miðdal (Ljósár) og við Skillandsá, og vestan Laugardals (undan Lyngdalsheiði). Vestarlega í fjöllum þessum eru brot mikil (Hrossadalsbrún o.fl.) og verða á þeim slóðum mikil umskifti í últiti fjallanna. Austan þeirra eru fjöllin snjáð og strokin og vatnsvætlur ekki óalgengar, en vestan þeirra eru þau úfin og hvöss í dráttum, en vatnsvætl sést nánast hvergi. Verulegur áferðarmunur mun einnig vera á grágrýtisþekjuni á Laugarvatnsfjalli og (nafnlausri ?) grágrýtisbungu vestur undir Kálftindum, norðan Hrossadals.

Lægri fellaraðir skjóta upp kollunum milli eða utan í hinum hærri, t.d. Hrútafjöll utan í Kálftindum. Má vel vera, að raðir þessar séu misgamlar og þær lægri séu eldri og dýpra grafnar íhraunflóð frá nútíma og gömul grágrýtisflóð. Vesturhluti fjallabálks þessa a.m.k. væri þá byggður upp úr lögum af grágrýti, líklega afmörkuð milli móbergshryggja, og téðum móbergs-hryggjum með stefnu nærri $30 - 35^{\circ}\text{A}$. Hryggir þessir valda líklega nokkurri misleitni í lekt bergsins, þannig að grunnvatnið streymi meira í stefnu þeirra en þvert á þá, að öðru jöfnu. Sömu áhrif, en líklega sterkari, hafa sprungur þær, sem liggja í sömu eða svipaða stefnu eftir fjallalandi þessu.

Lyngdalsheiði:

Sunnan fjallgarða þessarra liggur grágrýtisskjöldur Lyngdalsheiðar, en Laugarvatnsvellir í kriknum milli hans og fjallgarðanna. Skjöldur þessi virðist við fyrstu sýn vera lítið rofinn og er það líklega einu af tvennu að þakka (eða hvoru tveggja): Hann er mjög ungar og roföflin hafa ekki haft tíma til að vinna á honum, eða hann hefur legið í jökulskjóli við fjöllin norðan hans og roföflin hafa lítið náð til hans. Fyrri skýringin hefur verið notuð m.m. til að aldurssetja Lyngdalsheiði, allt frá dögum Þorvaldar Thoroddsen. Vera má, að grágrýti skjaldarins nái ekki nema norður að völlunum (Beitivöllum, Laugarvatnsvöllum) og austur í heiðarbrúnina, en þar liggja mikil setlög utan á hlsðarbrekjunum. Ekki er vitað hvað sé undir grágrýtinu, en hitt er ljóst, að ekki gnæfa nein háreist móbergsfjöll þar upp úr landinu, t.d. sambærileg við Búrfell, sunnan heiðarinna. Raunar er athyglisvert, hve gosræn (vulkansk) upphleðsla er lítil sunnan undir "upphleðslubelinu" frá Borgarfirði til Bjarnarfells, ef undan eru skildir grágrýtisskildirnir á Mosfellsheiði og Lyngdalsheiði og stöku móbergsfell eða gígar. Hefur verið bent á, að þetta fyrirbæri eigi þátt í myndun og tilvist Þingvallavatns, ásamt landsiginu (Kristján Sæmundsson 1992). Er því eins líklegt, að hólar, hædir og þekjur úr lítið leku eldra bergi séu undir Lyngdalsheiði. Hrólfshólar, syðst á Lyngdalsheiði, gætu tengst þessum myndunum og raunar gæti landslag undir grágrýtisskildinum beint grunnvatni norður og austur af heiðinni, til Laugardals.

Sprunguskari er vestan á heiðinni, frá Laugarvatnsvöllum og niður að Kaldárhöfða. Þar eru lindir, tengdar sprungunum. Austan og suðaustan í heiðinni og í heiðarrótunum eru eianig sprunguskarar, sumir með opnum sprungum. Vella vatnsmiklar lindir upp á þeim í brekkurót-

um heiðarinnar í Laugardal. Stefna sprungur þessar nærrí SSV - NNA, en vera má að þær séu skaraðar til norðurs og nálgist þannig eða tengist lekara bergi og sprunguskara vestan við Laugavatnsfjall.

Forland Langjökuls:

Hásléttu er milli Laugardalsfjalla og annarra byggðafjalla að sunnan og undirfjalla Langjökuls að norðan. Þís móbergsstapinn Hlöðufell upp af henni, gneypur og hlífðbrattur, en á henni hvíla einnig hraundyngjur Skjaldbreiðar, Sköflungshrauns og Lambahrauns. Undir þeim er hásléttan lísklega í 400 - 500 m y.s. hæð, en nokkur stök og rislilstil móbergsfell virðast þó standa upp úr henni. Er vísast, að hásléttu þessi hafi verið meira eða minni hlaðin upp af grágrýtislögum, sem nú eru hulin nútíma hraunum. Má vera, að jarðgerð hafi verið svipuð og í Þingvallalægðinni ofan byggðar. Þó er svo að sjá sem móbergsfellið séu eitthvað fleiri og þéttstæðari í framhaldi af fjallgörðunum upp af Þingvallasveit. Liggur Hlöðufell austast á þessu svæði. Sprunguræma er í svipaða stefnu á austanverðu svæðinu. Lísklegt er, að lekt sé heldur minni í bergi á þessu svæði en beggja vegna við og sprunguskarinn og móbergshryggirnir valdi misleitni að auki. Gæti þetta valdið grunnvatnshæð eða hrygg á þessum slóðum og vatnaskilum milli Þingvallavatns og Brúarár.

Austan Hlöðufells virðist hafa verið hásléttu eða jafnvel dalur, aður en Lambahraun brann. Nær það svæði austur að Brekknafjöllum, sem eru nánast í framhaldi af Jarlhettum (innri fellaröðinni) og næstum því í framhaldi af byggðafjöllunum í Biskupstungum, sem þó eru aðeins hliðruð til vesturs, svo að skarð verður milli þeirra og suðurenda Brekknafjalla, sem hluti af hraunflöði Lambahrauns hefur hellst í gegnum. Það hraun nær að baki Bjarnarfells og Miðfells vestur að Brúará. Þar spretta stuttar en vatnsmiklar lindaár upp og falla í Brúará. Leggja þær til meginvatnið í lindárbætti árinnar. Er ekki ólísklegt, að megineldstöðin undir Bjarnarfelli eigi sinn þátt í því, að draga úr lekt bergsins þar og þvinga með því vatnið að fjallabaki til Brúarár.

Vatnið í lindaánum úr hrauninu er miklu meira en samsvarar vatnasviðinu á hrauninu neðan Högnhöfða og Kálfstinds. Hvergi verður vart við lindaleka út úr fjöllum þessum eða rótum þeirra. Er þá sú skýring eftir, að vatn frá Lambahrauni - og allt upp í jökul - hafi framrennslu um fornt gljúfur fyrirrennara Brúarár um skarðið framangreinda austan Kálfstinds, sem þar hafi verið aður en Lambahraun brann. Þessi skýring er nokkuð ævintýraleg, en mjög miklar lískur hafa verið leiddar að svipuðu fyrirbæri í Skaftágljúfri því, sem til var fyrir Skaftárelda 1783 (Freysteinn Sigurðsson 1995). Þessi svæði, á vatnasviði Brúarár, voru ekki skoðuð sérstaklega þessu sinni, heldur byggir umfjöllun þessi á fyrri rannsóknum á þeim svæðum.

Undirfjöll Langjökuls:

Sem fyrr segir liggur jölkukápa Langjökuls ofan á háum fjöllum, sem hafa hlaðist upp í megineldstöðvum, eða í lísklegum tengslum við þær. Raunar má vel vera, að þar sé að verki sams konar upphleðsla og leggur rætur til flestra aðaljöklar landsins: Tilvist jöklanna á hlýskeiðum byggir á hæð fjallanna en þeir valda því, að móbergsfjöll hlaðast þar frekar upp í eldgosum en sléttar hraunabreiður. Svipuð áhrif hefur lega gosstöðva þessarar á miðju landsins, þar sem jökulþykkt er meiri á fsöldum (Langjökull, Hofsjökull, Vatnajökull að hluta til), eða á móti öflugustu úrkomuáttunum (Mýrdalsjökull, Vatnajökull að nokkrum hluta). Magnar þar hvort annað upp. Á gosbeltinu frá Þingvallavatni til Langjökuls ber mest á dyngjugosum (hraunskjöldum), sem á jökluskeiðum hafa leitt til myndunar á móbergsstöpum. Utan jöklar ná Skriðan og Hlöðufell upp fyrir 1.000 m hæð y.s., en svo er og um Skjaldbreið, þó á íslausu landi hafi gosið. Til bergs sér í Þórisjöklí upp fyrir 1.000 m y.s. en í Geitlandsjöklí og Skriðufelli við Hvítárvatn upp fyrir 1.100 m y.s. Ná þó fjöll þessi lísklega eitthvað hærra undir jökluskjöldunum. Þessi landhæð veldur bæði lágum lofthita og gissfurlegri úrkomu og er þar með orsök jöklusins, viðhalds hans og tilvistar.

Undan þesum háu fjöllum koma fram grágrýtisbreiður, t.d. undan Þórisjökli og Björnsfellunum báðum, en á Skerslum, sunnan Þórisdals, er grágrýtisdyngja. Hagafell virðist vera einhvers konar stapi, með grágrýtishettu, en nútímahraun liggja ofan á því frá gígum uppi undir jökulrönd. Sem fyrr segir ganga raðir af móbergshryggjum á vissum ræmum upp undir jökul - og væntanlega inn undir hann. Óregla gæti verið í upphleðslu fjalla og jarðlagaskipan í megineldstöðinni kringum Prestahnjúk, þ.e. við og norður af Þórisjökli. Austar, upp af Skerslum, er lsklegt að grágrýtislög og móbergshryggir séu rskjandi, en Hagafellsjökull ytri (vestari) gengur lsklega niður í dal milli þessa fjallabálks og Hagafells. Austan þess gengur Hagafellsjökull eystri ofan í dalverpi milli fellsins og Brekknafjalla og Jarlhettna. Má vera, að jarðgerð austan Skersla beini grunnvatni meira til vatnasviðs Brúarár, en innri gerð megineldstöðvarinnar við Prestahnjúk ráði því, hversu langt eða skammt aðrennslissvæði Þingvallavatns nær til norðurs.

Af framanskráðu má ljóst vera, að verulegar ábendingar má lesa úr tilverandi upplýsingum um jarðgerð svæðisins um mörk vatnasviðsins og lsklegar rennslisleiðir grunnvatnsstrauma. Frekari ábendingar má fá í einn stað úr upplýsingum um legu grunnvatnsborðs, og þar með um halla þess, og um uppkomustaði grunnvatnsins í lindum og vatnsmegin þess þar. Í annan stað má lesa miklar upplýsingar úr ástandi vatns á svæðinu, hita, efnainnihaldi og samsætuinnihaldi. Þó vantar enn ýmsar upplýsingar úr jarðfræðinni, sem afla má án ærins tilkostnaðar. Má þar nefna loftmyndatúlkun á höggun (tektónsk), einkum sprunguskörunum, og á ýmsum fleiri jarðfræðilegum atriðum. Ástæða gæti verið til að skoða vatnajarðfræðilega gerð Laugardalsfjalla betur á vettvangi (á foldinni). Einnig þarf að tengja vatnajarðfræði vatnasviðs Þingvallavatns betur við vatnajarðfræði vatnasviðs Brúarár, en vatnasviðin takmarka hvort annað á vatnaskilum sín á milli, eðli málsins samkvæmt. Því er þekking á aðliggjandi vatnasviðum nauðsynleg til að geta afmarkað vatnasvið Þingvallavatns.

Grunnvatnsborð og lega lindasvæða:

Ágrip um grunnvatnsborð og lindarennslu:

Grunnvatnsborð er í um 100 m y.s. í Þingvallavatni, 100 - 140 m y.s. í lindum vestan í Laugardal, 100 - 200 m y.s. við upptakaár Brúarár í Úthlíðarhrauni, upp undir og yfir 300 m y.s í Haukadalsheiði, 350 - 400 m y.s. uppi á Kaldadal og í undirfjöllum Þórisjökuls, stíflað upp í 440 m y.s. í Hagavatni, en hugsanlega í 400 - 450 m y.s. í innanverðum Laugardalsfjöllum og inn undir Skersli.

Til Þingvallavatns að norðan falla 80 - 90 m³/s af lindavatni, þar af lsklega 40 - 65 m³/s í vestari straumnum (Almannagjá o.fl.) en 20 - 45 m³/s til austari straumsins (Hrafnaðarfljót). Til Tungusfljóts falla næstum 30 m³/s en til Brúarár um 30 m³/s. Í lindum vestan Laugardals eru næstum 10 m³/s en um 5 m³/s í lindum í Laugardal innanverðum að austan.

Grunnvatnsborð:

Upplýsingar um hæð grunnvatnsborðs á vatnasviði Þingvallavatns eru ákaflega rýrar, því að grunnvatn fyrirfinnst þar varla á yfirborði. Vatn er einkum aðgengilegt á jöðrum vatnasviðsins. Þar er að hluta til um stöðuvötn að ræða, en ekki er alltaf tryggt að vatnsborð þeirra liggi í raunverulegu grunnvatnsborði. Á nokkrum stöðum spretta upp lindir eða lindalækir, en þó sjaldan svo vatnsmiklar, að fullvist sé, hvort um raunverulegt grunnvatn eða svokallað "villuvatn" sé að ræða. Loks eru á nokkrum stöðum upplistöðutjarnir, sem þó oft síga niður með sumrinu og óvist er, hvort þær séu villuvatn eða liggi rétt ofan raunverulegs grunnvatnsborðs. Hæð þessarra vatnsstaða er hér yfirlítt lesin af DMA - kortum í mælikvarða 1:50.000, samanteknum 1989. Slíkar hæðartölur eru að sjálfsögðu ærið ónákvæmar, en staðsetning vatnsstaðanna er það lskar, svo að þar er jafnt á komið. Með þessum fyrirvörum eru hér á eftir tilgreindar

nokkrar hæðartölur, sem þó oft eru hámarks- eða lágmarkstölur.

Staður:**Athugasemd:****Hæð í m y.s.:***Vesturmörk:*

Pingvallavatn	-	um 100
Öxará	útfall á hraunin	≤ 140
Sandvatn (Bláskógaheiði)	afrennslislaust vatn	? < 270
Vfðiker, Hvannadalakvísl	austan vatnaskila	325
Uxavatn	á vatnaskilum	395
Reyðarvatn	vestan vatnaskila	325
Brunnavatn	á vatnaskilum ?	350
Sandvatnskvísl	upptök norðan Brunna	370
Lindir í Brunnum	á vatnaskilum ?	380
Kaldidalur, við Egilsáfanga	á vatnaskilum	≤ 425
Kaldidalur, "Geitárlón"	á vatnaskilum ?	? < 600

Norðurhluti:

við Lambahlsðar	jökullækir	? < 410
Langavatn austan Skersla	afrennslislaust	? < 490
tjörn austan Hlöðufells	afrennslislaus	? ≤ 470
Hlöðuvellir	upplistöðutjarnir	? ≤ 440
Rótarsandur, Brúarárskörð	lindir	400
Hagavatn	uppstíflað	? 440

Austur- og suðurmörk:

Sandvatn (Haukadalsheiði)	-	275
Rótarsandur	(sjá fyrr)	400
Vatnsheiðarvatn á Efstadalsfjalli	-	≤ 370
Skillandsá	efstu upptök ?	? 440
- sama -	sýnileg upptök okt. 1995	280 - 300
Helgadalur í Laugarvatnsfjalli	lindalækur	≥ 200
Rauðamýri, á völlunum	votlendi	? ≤ 240
Vallalækur	upptök á völlunum	≤ 200
Beitivellir	upplistöðutjarnir	? ≤ 170
lindir í Laugardal	-	100 - 140

Af þessum tölum verða ekki dregnar miklar ályktanir, en þó virðist svo, sem grunnvatnshæð sé mjög lág í Pingvallalægðinni, annars vegar, og svo suður frá Hagavatni, hins vegar. Líkur eru á hrygg eða hól í grunnvatnsborði kringum Hlöðufell og etv. suður um Laugardalsfjöll. Á völlunum norðan Lyngdalsheiðar virðast vatnaskil vera um Rauðumýri og öðru hvoru megin við þurrktjörnina Blöndu, en þar verður að vísu að gjalda varhuga við mögulegu villuvatni. Öruggar upplýsingar um grunnvatnsborð á þessu svæði fást ekki nema með borunum á rannnsóknarholum á viðeigandi stöðum. Þó má hér og hvar geta sér til un grunnvatnshæðina með nokkurri sanngirni, þó slitrótt sé.

Á vesturmörkum vatnsviðsins fylgja vatnaskil í meginatriðum vatnaskilum á yfirborði á eldra og þetta berгину. Yfirborðsvatnið fellur þaðan inn á lek jarðlög og sígur niður til grunnvatns. Dæmi er Sandvatn (ranglega kallað "Sandkluftavatn" á mörgum kortum, "Sandkluftir" er talið að eigi við gilskorurnar sunnan vatnsins, en einnig sést á kortum "Sandklettar" austan vatnsins), en í það rennur Sæluhúsakvísl frá norðri, sem hverfur oft ofan í hraunin, áður en hún nær vatnini. Mest vatn bætist í Sandvatn í snjóleysingum á vorin. Síðan lækkar almennt í því jafnt og

þétt fram eftir sumri. Vatnið hefur þornað alveg a.m.k. einu sinni á sfðustu þremur áratugum, en þó lísklega tvisvar. Ýmislegt mælir með því, að vatnið sé villuvatn, a.m.k. við háa vatnsborðsstöðu.

Norðan Brunnvatns kemur vatn upp í 350 - 400 m y.s. og fellur vestur til Borgarfjarðar. Eru þar austur af vatnaskil til Þingvallavatns og þá lísklega eitthvað hærri. Þau eru í sprungnu og sæmilega leku grágrýti. Norðan Sandfells falla jökullækir frá Pórisjökli út á sandflesjur, etv. með svelgjum, í tæplega 400 m y.s. hæð. Við línuveginn, suðvestur af Sandfelli, er grunnvatnsborð lísklega komið vel niður fyrir 350 m y.s. Í Pórisdal eru afrennslislaus vötn með vatnsborð sitt hvoru megin við 700 m y.s. Vera má, að einhver grunnvatnshóll sé í tengslum við miður lekjarðlög í megineldstöðinni, sem er á þessum slóðum. Langavatn, austan undir Skerslum, er afrennslislaust og í tæplega 500 m y.s. hæð. Austan þess falla jökullækir meðfram Hagafellsjökli (vestari eða ytri) austur til Hagavatns, í 440 - 460 m y.s. hæð. Þar var áður vatn, sem var kallað Sandvatn. Hagavatn er stíflað uppi bak við Fagradalsfjall og má vel vera, að grunnvatnsborði sé haldið uppi þar af vatninu sjálfu. Smáar lindir koma upp á misfellu í bergeninu við Leynifoss, en annars sjást ekki lekar í gegnum fjöllin. Þau eru að vísu brött og mjó og lísklegri til að steypa af sér úrkому en að gleypa hana. Samt virðast fjöll þessi vera furðu þéttar stíflur.

Í Brúarárskörðum koma efstu lindir fram í um 400 m y.s. hæð. Neðar í skörðunum sprænir vatn fram úr lekum lögum, á lagamótum og úr sprungum. Alls er það vatn innan við 5 m³/s og ekki nema lístíll hluti lindavatnsins í Brúará. Sýnir þetta einnig, hversu þétt þessi móbergsfjöll geta verið, og hvernig grunnvatnið leitar í lekustu leiðirnar í fjöllunum. Þarna rennur hvergi nærrí fram allt það vatn, sem safnast í hraunin upp að jöklum, hvað þá heldur að viðbættu vatni frá jöklinum. Sýnist raunar mikil efunarmál, að sá grunnvatnsstraumur leki í gegnum fjöllin þarna, nema þá í litlum mæli, því að hvergi mun sjást til linda í giljum eða í rótum þessarra fjalla. Það þyrfti þó nánari könnunar við.

Vatn stendur iðulega uppi í tjörnum og pyttum á Hlöðuvöllum, eins og vatnsstæði og gróður í þeim ber vitni. Þar var allt þurr í ágúst 1995, enda var grunnvatnsstaða mjög lág um stærstan hluta landsins það sumar, þrátt fyrir þurrkleysu á Suðurlandi frá um 20. júlí og fram í október. Stórrigningar voru ekki á þeim tíma. Vatn þarna gæti verið villuvatn ofan raunverulegs grunnvatns, en takmörkuð stærð aðrennslissvæðisins leiðir a.m.k. grun að því, að þarna gæti verið um grunnvatnsborð að ræða. Sé svo, þá bendir allt til þess, að grunnvatnsskil séu á þessum slóðum milli Þingvallavatns og Brúarár.

Á austanverðum völlunum norðan Lyngdalsheiðar virðast vera grunnvatnaskil nærrí yfirborði í rúmlega 200 m y.s. hæð. Sé svo, þá lækkar grunnvatnsborð þaðan og er sennilega undir 170 m y.s. á Beitivöllum en er komið niður í um 100 m y.s. í Þingvallavatni. Austan í hlíðarfæti Lyngdalsheiðar spretta upp vatnsmiklar lindir, sem koma upp í 100 - 140 m y.s. hæð (nákvæmt mat og mælingar skortir), en upptakalindir Apár liggja nokkru hærra og lindir og tjörn með afrennslu hjá Hallkelshólum eru í nærrí 140 m y.s. hæð. Það virðist því lísklegt, að grunnvatn standi nokkuð hátt í Lyngdalsheiði sjálfrí og myndi þar sjálfstætt grunnvatnssvið. Um þá grunnvatnshæð klofni grunnvatnsstraumurinn til Þingvallavatns og til Laugardals.

Lindasvæði:

Langsamlega vatnsmesta lindasvæðið er við norðurströnd Þingvallavatns og þá einkum í sprunguskörunum tveimur, sem kenna mætti við Almannagjá (Silfra o.fl.) og Hrafnaðagjá (Vellankatla o.fl.) (Gutormur Sigbjarnarson 1966 a). Hefur verið metið (Jón Ólafsson 1992), að nálægt 64 m³/s spretti fram á vestara svæðinu og nærrí 22 m³/s á því austara. Byggir sú greining m.a. á styrk klórfðs í Þingvallavatninu og í lindunum. Miklum mun minna vatn er talið, að falli til austurstrandar vatnsins. Kemur þarna fram nær allt grunnvatn af vatnasviði Þingvallavatns, þó að eitthvað lítilræði renni mjög djúpt í jörðu til jarðhitasvæðanna í Hengli, a.m.k. í

samanburði við þessi ókjör af vatni. Benda má á, að helmingaskifti á vatnsviðinu milli þessarra grunnvatnsstrauma væru líklegri vegna jarðgerðar, auk þess sem það væri í betra samræmi við stærð afbræðslusvæða á ssum Þingvallavatns á vorin (Guttermur Sigbjarnarson 1966 b, óbirt gögn). Samkvæmt þessu misjafna mati væri líklegt, að vatnsmegin vestari straumsins væri $40 - 65 \text{ m}^3/\text{s}$, en vatnsmegin þess austari $20 - 45 \text{ m}^3/\text{s}$, í heilum og hálum tugum m^3/s reiknað.

Af grunnvatnssviðinu austan vatnsviðs Þingvallavatns falla lindavötn til Tungufjóts og Brúarár (Árni Hjartarson og Freysteinn Sigurðsson 1988). Í innanverðum Haukadal koma upp hátt í $10 \text{ m}^3/\text{s}$ (a.m.k. $9 \text{ m}^3/\text{s}$) en í Fljótsbotnum og Grjótánum innan við Haukadal hátt í $20 \text{ m}^3/\text{s}$ (a.m.k. $17 - 18 \text{ m}^3/\text{s}$). Kemur vatnið yfirleitt upp í $170 - 220 \text{ m y.s. hæð}$, en upptök Stóru-Grjótár, norðan í Sandfelli, eru í um 300 m y.s. hæð . Utan í og undan Bjarnarfelli og Múlafjalli koma vænar lindir, margar í $200 - 300 \text{ m y.s. hæð}$. Má af þessu vænta, að sérstök jarðvatnshæð sé undir Bjarnarfelli og Sandfelli og falli sinn grunnvatnsstramurinn hvoru megin við hana. Undan Úthlóðarhrauni falla líklega um $20 \text{ m}^3/\text{s}$ eða meira til Brúarár. Auk þess koma líklega um $5 \text{ m}^3/\text{s}$ af lindavatni úr Brúarárskörðum, svo að vera má, að allt að $30 \text{ m}^3/\text{s}$ af lindavatni falli til Brúarár ofan Hagaóss. Suður úr Úthlóðarhrauni falla líklega yfir $2 \text{ m}^3/\text{s}$, m.a. úr svokallaðri Brúntjörn gegnt Dalsmynni.

Lindir spretta fram úr neðanverðu fjallinu innan við Miðdal í Laugardal (Ljósár og lindir, sem falla í Skillandsá) en auk þess spretta upp lindir neðan brekkuróta í nánd við Miðdal. Allar eru þessar uppkomur á frekar þróngu svæði og er samanlagt vatnsmegin þeirra líklega nærrí $3 - 4 \text{ m}^3/\text{s}$. Vestan megin í Laugardal koma lindir undan Lyngdalsheiði, niður á móts við Apavatn. Samanlagt vatnsmegin þeirra er líklega hátt í $10 \text{ m}^3/\text{s}$ (a.m.k. $9 \text{ m}^3/\text{s}$). Vatnsmegin í Kaldá hefur verið mælt eða metið um $1\frac{1}{2} \text{ m}^3/\text{s}$, en lindarennslí um Sog (20.06.1959., í kjölfar flóblekans um göngin í Dráttarhlíð) um $5 \text{ m}^3/\text{s}$ (Árni Hjartarson og Þróddur F. Þróddsson 1981),. Undan og úr Laugarvatnsfjalli og Snorrasaðafjalli kemur reytingur af lindavatni, etv. um eða yfir $1 \text{ m}^3/\text{s}$. Um Hagaós (frá Laugarvatni og Apavatni) falla líklega hátt í eða um $15 \text{ m}^3/\text{s}$ af lindavatni til Brúarár. Allt í allt koma því líklega um $70 \text{ m}^3/\text{s}$ af lindavatni undan hálandisbrúninni frá Tungufjóti til Lyngdalsheiðar, en um $90 \text{ m}^3/\text{s}$ til Þingvallavatns að norðan og austan. Þetta vatn, um $160 \text{ m}^3/\text{s}$, er afrennsli Langjökuls og afrennslislausu svæðanna sunnan hans til suðurs.

Grunnvatn fellur til fleiri átta frá Langjökli og afrennslislausu (á yfirborði) umlandi hans. Til Reyðarvatns falla um $5 \text{ m}^3/\text{s}$, til Hvítár í Borgarfirði um $30 \text{ m}^3/\text{s}$ (mest hjá Húsafelli og Hraunfossum), til Seyðisár á Kili um $5 \text{ m}^3/\text{s}$ og til Hvítárvatns (einkum í Karlsdrætti og í Fróðárdal), etv. hátt í eða um $10 \text{ m}^3/\text{s}$, en það er þó óvist. Allt í allt falla því líklega um eða yfir $200 \text{ m}^3/\text{s}$ af grunnvatni frá grunnvatnssviði Langjökuls og þurrlandanna umhverfis hann. Þar af falla líklega $75 - 80 \%$ suður af, en nærrí 45% til Þingvallavatns eins og sér.

Efnagreiningar og uppruni vatnsins:

Ágrip um efnainnihald:

Klórþöldstyrkur í Hrafnagjá hefur verið greindur $6,5 \text{ ppm}$ en í Vellankötlu og nálægum lindum um 5 ppm . Á vesturjaðri svæðisins er styrkurinn $6 - 8 \text{ ppm}$, í lindum vestan í Laugardal $5 - 7 \text{ ppm}$, en yfir 8 ppm yst á heiðinni og $4 - 5 \text{ ppm}$ á lindum innan af Laugardal. Í Brúará er styrkur klórþöld líklega um $4\frac{1}{2} \text{ ppm}$, $3 - 4 \text{ ppm}$ í Fljótsbotnum og Haukadal, sennilega um eða undir 3 ppm í jökulvatni frá suðaustanverðum Langjökli, en líklega $3 - 4 \text{ ppm}$ frá suðvestanverðum jöklinum. Samkvæmt þessu er vatn í sprunguskara Almannagjár líklega að mestu af vesturmörkum svæðisins og af hraununum í Þingvallavatnslægðinni, en í sprunguskara Hrafnagjár líklega nærrí jöfnu af svæðinu utan við Skjaldbreið og af svæðinu inn á Langjökul. Lindir vestan í Laugardal eru líklega blanda vatns af Laugardalsfjöllum og Lyngdalsheiði, en hlutdeild jökulvatns er veru-

leg í lindavatni til Tungufjóts og Brúarár. Samræmi er gott milli niðurstaðna úr mati á klórð-styrk og tvívetni, þegar tvívetniskortið hefur verið leiðrétt, þannig að lágstyrkssvæði á því nái út á Laugardalsfjöllin og byggðafjöllin í Biskupstungum.

Um sýnatoku og túlkanir greininga:

Á síðustu 10 - 15 árum hefur verið lagður grunnur að því að samtúlka efnainnihald grunnvatns og vatnajarðfræði (Freysteinn Sigurðsson 1993). Byggist það einkum á kerfisbundinni sýnatoku á hálendinu, sem staðið hefur yfir síðan 1983 á vegum Orkustofnunar, en einnig á stöðugum viðbótum á efnagreiningum af láglendi, langmest á vegum Orkustofnunar. Samtímis þessu hefur verið kannað samband efnainnihalds vatns, snjós og jökuliss við veðurfar og berggerð og ástand veita (aquifers) þeirra, er grunnvatnið streymir um, einkum á vegum Háskóla Íslands (Sigurður R. Gíslason 1985, 1991, 1993). Niðurstöðum úr þessum fræðilegu rannsóknum ber svo vel saman við niðurstöður úr samskodun efnainnihalds og vatnajarðfræðilegra aðstæðna, að full ástæða er til að bera verulegt traust til þessarra aðferða og túlkun á niðurstöðunum.

Samsætur í frumefnum vatnsins (tvívetni, δD , og þungt súrefni, $\delta^{18}O$) hafa verið notaðar til að rekja uppruna vatns, þar eð talið er, að styrkur þeirra breytist lítið við efnahvörf milli vatns og bergs, a.m.k. tvívetnið. Var á sínum tíma (Bragi Árnason 1976) gert kort, sem sýna átti styrk tvívetnis í úrkomu á landinu, en á grundvelli þess var rennsli grunnvatnsstrauma viða á landinu túlkað, þ.á.m. á aðrennslissvæði Þingvallavatns. Þetta var og er stórsnjöll hugmynd, en bent hefur verið á (Freysteinn Sigurðsson 1991), að varhugavert getur verið að treysta útkomunni gagnrýnislaust sem nýju neti. Veikleikarnir eru einkum þrennir, og er þeirra raunar allra getið í upphafsverkinu sjálfu (Bragi Árnason 1976):

- 1) Sýnataka var ekki nógu marktæk. Pekking á vatnajarðfræði og grunnvatni á landinu var þá rýr (fyrir 1976), einkum á hálendinu, og kom það niður á sýnavalinu.
- 2) Samanburður við vatnajarðfræðilegar aðstæður var ekki nógu marktækur, vegna sama þekkingarskorts og að framan greinir.
- 3) Við gerð kortsins var ekki tekið nógu mikið tillit til landhæðar (hæðar fjalla) né mismunandi uppruna úrkomunnar (mismunandi loftmassa). Miklu mun hafa valdið um þetta, hversu fáir marktækir sýnatökustaðir í raun eru.

Jafnstyrkslínur kortsins eru því mistraustar, eftir því sem síðari samanburður bendir til, á grundvelli meiri og betri þekkingar. Sums staðar virðast þær og túlkanir, sem byggðar eru á þeim, standast næsta vel, en annars staðar eru niðurstöðurnar greinilega varhugaverðar og stundum augljóslega rangar. Væri full ástæða til að endurgera jafnlínukortið, með þeim fyrirvörum, sem nauðsynlegir eru, og byggja það þessu sinni á svo vandlega völdum sýnum, er þekking okkar gefur efni til. Með því væri bætt enn einu traustu viðmáli (parameter) í aðferðir vatnarannsakenda. Það er líka illa farið með svona mikið, og í heild gott verk, að laga það ekki svo að nýta megi það til hlístar í samræmi við nýjustu þekkingu í vatnajarðfræðunum í heild sinni.

Ítrekað skal, að val marktækra vatnssýna er ekki á færi annarra en þeirra, sem hafa nauðsynlegt eðlisupplag (svo sem glögga foldarsýn, a.m.k. fjórvíða skynjan o.s.frv.), undirstöðugóða þekkingu á vatnafræði og vatnajarðfræði og ekki síst langa (og stundum bitra) reynslu af vatnajarðfræði og grunnvatnsrannsóknum. Þetta kann að hljóma hart, en reynslan sýnir þetta og sannar. Því verður að hlíta.

Einföldust er túlkun á efna- eða samsætuinnihaldi stórra linda, sem hafa stórt vatnsvið, langar aðrennslisleiðir og langan aðrennslistíma. Þar eru sveiflur og breytingar á innihaldinu litlar og stök sýni því sæmilega marktæk, svo fremi sem þau eru rétt tekin. Sýni úr smærri lindum (fáeinir l/s og etv. upp í nokkrir tugir l/s) eru torveldari í túlkun og ekki eins traustverðar, einar og stakar. Í þeim getur gætt árstíðasveiflna eða áhrif stórrigninga og annarra ytri aðstæðna geta

verið mikil. Sýnaraðir draga strax úr ónákvæmninni, en það sama gerir einnig vandað val, þar sem litlð er til vatnajarðfræðilegra aðstæðna og veðurfars undanfarið. Erfiðast er að nýta yfirborðsvatn. Kemur þar margt til. Í lækjum og ám gætir mikið úrkomu undanfarinna tímaskeiða, mislangra eftir aðstæðum, mest þó úrkomu. Þó hefur sýnt sig, að í úrkomurýrum sumrum getur efnainnihald í fallvötnum stefnt býsna nærrí efnainnihaldi í grunnvatni því, sem til þeirra falla (Freysteinn Sigurðsson 1994). Hér skiftir því vandað vatnafræðilegt og vatnajarðfræðilegt val á sýnum einnig meginmáli, ekki síst við túlkun á greiningunum.

Jökulvatn er sérlega erfitt viðfangs. Snjóbráð (vor og sumar) skolar í upphafi einkum út efnarsku vatni (Sigurður R. Gíslason 1991) með þeim afleiðingum, að óbráðni hlutinn er efnasneyddur. Jökulbráðin (bráðinn jökuls) verður því efnasnauð, en hlutfall nýrrar úrkomu (rigningar), snjóbráðar og jökulbráðar í jökulvatninu verður ærið flókið fyrir vikið og breytilegt frá degi til dags og eftir því, hvernig sumrinu vindur fram. Sambærilegar sveiflur koma fram í samsætunum, þó að ekki séu þar nákvæmlega sömu ferli að verki (Bragi Árnason 1976). Helst er hægt að taka mark á jökulvatni, sem sígið hefur gegnum jarðlög og efnasveiflurnar þar með jafnast út fyrir lengri eða skemmti tímaskeið. Þessu er óvísá til að dreifa á rannsóknarsvæðinu, því að mikið jökulvatn hverfur ofan í berggrunninn undir jöklínunum, en jökullækirnir ofan í hraun, sprungur og aðra veita, þeir sem ná svo langt. Einungis rennslid til Hagavatns rennur brott á yfirborði. Hins vegar gætir jökulvatnsins vísá í lindasvæðum utan jöklinsins annars staðar, eins og m.a. vatnshagsreikningar sýna á óyggjandi hátt (Freysteinn Sigurðsson 1991), og má því líta til efna-samsetningar þess vatns til að meta efnainnihald jökulvatnsins.

Stöðuvötn og tjarnir geta á þessum slóðum verið afrennslislaus villuvötn, þar sem mestmagn gætir snjóbráðar eða summarregns, eða uppgufun breytir efnastyrknum (Árný E. Sveinbjörnsdóttir og Sigfús J. Johnsen 1992). Auk þess getur yfirborðslag það, sem auðveldast er að ná úr sýnum, haft aðra efnasamsetningu en vatnsbolurinn sjálfur. Það er þó mjög aðstæðum háð. Túlkun á efnainnihaldi svona vatns er því vandasöm og ugglaut oft vafasöm. Pessa fyrirvara alla verður að hafa í huga, þegar reynt er að lesa upplýsingar um grunnvatnið úr efnainnihaldi og sam-sætustyrk í vatni á svæðinu.

Efnainnihald vatnsins:

Upplýsingar um efnainnihald vatns á rannsóknarsvæðinu eru einkum af þrennum toga:

1. Efnagreiningar á Þingvallavatni og innrennslí til þess (Jón Ólafsson 1992).
2. Heildargreiningar á lindavatni á vegum Orkustofnunar (Árni Hjartarson og Freysteinn Sigurðsson 1988; óbirt gögn Orkustofnunar).
3. Sýni tekin fyrir fyrrliggjandi rannsóknarverk 1995, aðeins greint klórfð og súlfat.

Að þessu sinni verður einungis litlð á upplýsingar þær, sem lesa má úr landsdreifingu klórfðs og súlfats á svæðinu. Pessi aðferð byggir á landsvísri dreifingu þessarra efna (Freysteinn Sigurðsson 1991, 1993, Freysteinn Sigurðsson og Kristinn Einarsson 1988) og á sæmilegum árangri við beitingu hennar annars staðar á landinu (Freysteinn Sigurðsson 1994, 1995). Klórfð er næstum alfarið ættað úr úrkomunni og að mestu leyti óháð veitum þeim, sem grunnvatnið hefur runnið um. Súlfat virðist einkum háð jarðhita og eldvirkniáhrifum, en einnig sennilega hlutfalli fersks glers (móbergs) í veitunum. Það fylgir klórfði í vissu hlutfalli í úrkomunni og má því reikna þann hluta súlfatstyrksins frá. Einhver fylgni er með súlfatstyrk og uppruna loftmassa þeirra, sem bera úrkomuna inn á landið. Íðnaðarreykur og útblástur á sinn þátt, en einnig hafa veðurfarsþættir eins og veðurhæð, lofthiti og loftraki sín áhrif. Því er jafnan vottur af súlfati í vatninu (að fylgipættinum við klórfði frádrégnunum), þó svo að áhrif veitanna (þ.e. jarðarinnar) séu hverfandi.

Hér á eftir eru tilgreind klórfð- og súlfatgildi fyrir einstaka hluta rannsóknarsvæðisins og nágreennis þess. Heimildir og aðilar að sýnatöku eru auðkennd með upphafsstöfum: JÓ: Jón Ólafsson (1992), OS: Orkustofnun, ÁH: Árni Hjartarson, FS: Freysteinn Sigurðsson, SPS: Snorri Páll Snorrason. Sýni frá Þingvallavatni (Jón Ólafsson 1992) eru meðalgildi af nokkrum fjölda sýna. Tilgreint er árið, sem sýni Orkustofnunar voru tekin. Styrkur efnanna er tilgreindur í ppm (milljónustuhlutar, samsvarar mg/l).

Staður, sýnataka:	Klórfð (ppm):	Súlfat (ppm), - sama, leiðrétt:
		<i>Þingvallavatr:</i>
Útrennsli um Sog, JÓ 1992	6,4	-
Villingavatnsá, JÓ 1992	7,1	2,1 - 1,2
Heiðarbær - Skálabrekka, JÓ 1992	8,0	2,4 - 1,4
Öxará o.fl., JÓ 1992	7,6	1,8 - 0,8
Flosagjá, JÓ 1992	6,5	2,3 - 1,5
Vatnsvík - Vellankatla, JÓ 1992	4,9	1,9 - 1,3
		<i>Vesturmörk:</i>
Leiran (þjónustumíðstöð), FS 1995	6,4	1,6 - 0,8
Hvannadalakvísl, FS 1995	6,6	1,3 - 0,4
Sæluhúsakvísl, FS 1995	7,2	1,5 - 0,6
Draugabrekka, lind, FS 1995	7,8	1,5 - 0,5
Pverfell, Lund., lindir, FS 1985	8,5	3,8 - 2,7
Tunguá, Lund., FS 1988	9,4	4,1 - 2,9
Brunnar, lindir, FS 1995	6,4	1,5 - 0,7
Sandvatnskvísl, FS 1995	7,1	1,5 - 0,6
Egilsáfangi, FS 1985	5,1	1,2 - 0,5
		<i>Umhverfi Langjökuls:</i>
Húsafell, FS, ÁH 1985	3,5	1,4 - 1,0
Hraunfossar, FS, ÁH 1985	3,2	1,5 - 1,1
Seyðisárdög á Kili, FS 1986	2,4	1,8 - 1,5
Svartárbotnar á Kili, FS 1986	3,8	2,8 - 2,3
Hvítárbrú við Hvítárvatn, lind, FS 1986	4,9	3,8 - 3,2
Brunnalækir, lindir, FS 1986	4,7	2,2 - 1,6
		<i>Haukadalur - Hagavatn:</i>
Leynifoss, lind, FS 1995:	3,2	1,0 - 0,6
Fljótsbotnar, SPS, FS 1984	3,5	1,1 - 0,6
Sprænur, SPS, FS 1984	3,7	1,2 - 0,7
Helludalur, SPS, FS 1984	4,6	2,0 - 1,4
Brúntjörn, SPS 1984	5,2	1,9 - 1,2
Dalsmynni, úrkoma, OS 1975-76	4,6	2,8 - 2,2
		<i>Brúará:</i>
Innri-Kálfá, FS 1987	3,8	2,3 - 1,8
Brúará v. Efstadal, FS 1995	4,6	1,8 - 1,2
Vallá, lindir, SPS 1984	4,7	1,4 - 0,8

Laugardalur:

Ljósár, FS, ÁH 1987	4,2	1,5 - 1,0
Skillandsá, FS 1995	4,5	1,4 - 0,8
Helgadalur, FS 1995	6,8	1,5 - 0,6
Vallalækur, FS 1995	4,6	1,4 - 0,8
Djúpá, FS 1995	5,6	1,6 - 0,9
Sogin, FS, ÁH 1987	4,8	1,5 - 0,9
Djúpakvísl, FS 1995	5,1	1,7 - 1,0
Grafará, FS 1995	6,3	1,6 - 0,8
Apá, FS 1995	7,2	1,7 - 0,8

Grímsnes:

Búrfell, FS 1995	8,2	2,5 - 1,4
Kaldárhöfði, FS 1995	5,8	1,6 - 0,8

Sem fyrr greinir, þá segir klórfostyrkurinn til um upprunastað en styrkur súlfats frekar til um veitana, sem vatnið hefur runnið um. Því verður hér fyrst einkum litið til klórfossins. Þá er fyrst að líta á lískleg gildi fyrir jökulvatn af sunnanverðum Langjökli. Jökulvatn er yfirleitt efnasnautt (Sigurður R. Gíslason 1991), en til strekunar því skulu tilgreind gildi úr snjó norðan á Hofsjökli (sýni tók Oddur Sigurðsson, Orkustofnun, í febrúar 1990).

<i>Hæð, m y.s.:</i>	<i>Klórfið (ppm):</i>	<i>Súlfat (ppm):</i>
1400	0,34	0,19
1800	0,23	0,24

Í grunnvatni, blönduðu jökulvatni, vestan og norðan Langjöku, er klórfið 2,4 - 3,5 ppm, en á Kili og við Hvítá eystri 3,8 - 4,9 ppm (óvist með hlut jökulvatns). Lísklegt er, að klórfostyrkur í jökulvatninu af þessum hluta jöklusins sé um eða innan við 2 ppm. Hann er örugglega meiri á sunnanverðum jöklinum (Freysteinn Sigurðsson 1991, 1993) og er raunar ekki ólísklegt, að gildið í lindunum við Leynifoss (3,2 ppm) sé nærrí því að vera einkennandi. Um 3 ppm væri þá lísklegt gildi af suðurhluta jöklusins. Klórfögildi eru sérlega lág í regnskuggum bak við Vatnajökul og Hofsjökul (sömu heimildir), eða innan við 2 ppm. Er því ekki ólísklegt, að klórfögildin séu heldur með lægra móti í regnskuggunum bak við Biskupstungnafjöllin og Hlöðufell - Skjaldabreið, en etv. heldur hærri fyrir "opnu landi" í Þingvallalægðinni og á Haukadalsheiði. Nærri liggar þá að líta á klórfögildin í Fljótsbotnum sem ábendingu um verulegan þátt af jökulvatni í vatni þar, sem þverri svo mjög niður í Haukadal og vestur fyrir Bjarnarfell. Mismunur klórfið í lindum og úrkому við Dalsmynni liggar einkum og sér í lagi í uppgufun (Freysteinn Sigurðsson 1991), en súlfat í úrkому þar má tengja við austanátt og Geysissvæðið.

Klórfostyrkur í Innri-Kálfa bendir sterklega til verulegs jökulvatnsþáttar, en styrkur í Vallarlindum (neðst í Úthlóðarhrauni) og í Brúará sjálfri (með fyrirvara þó, eitt sýni) bendir til verulegrar blöndunar vatns utan jöklus, og etv. einkum af svæði byggðafjallanna sjálfra. Lægri súlfatleifarstyrkur gæti bent til hins sama (minni dvöl í móbergsrfskum og djúpum veitum, þ.e. úrkoma á Lambahraun á láglendi). Þessar túlkánir koma vel heim við vatnajardfræði og lísklegan vatnshag lindavatnanna og renna þannig stoðum undir áætluð gildi klórfið í jökulvatninu af sunnanverðum Langjökli.

Gildi klórfossstyrks á vesturmörkum vatnasviðsins (6,4 - 7,8 ppm) dreifast lítið. Einna hæst eru þau, þar sem fjallaskjóli sleppir á Bláskógaheiði og Kaldadal og útsynningurinn nær sér betur niður. Klórfostyrkur er yfirleitt mestur á strandlægum svæðum, þar sem útsynnings gætir mest (Freysteinn Sigurðsson 1991, 1993). Munur er hérla merkilega lítill á klórfostyrk í hreiðu lindavatni og lækjavatni, en raunar er verulegt lindavatn í Hvannadalakvíslinni. Það er því ekki

ólfklegt, að klórðostyrkur í grunnvatni sé við nærrí 7 ppm við vesturmörk vatnsviðsins, eða etv. heldur meiri. Í samræmi við úrkomuáttir og áhrif útsynningsins er ekki ólfklegt, að klórðostyrkur gæti verið eitthvað meiri í jökulvatni frá Pórisjökli og suðvesturhluta Langjökuls en í jökulvatninu við Hagavatn, etv. um 4 ppm. Ísklegt er, að útsynningsins gæti eitthvað inn á hraunin, með auknum klórðostyrk.

Fátt virðist vera um marktækt og aðgengilegt vatn á fjallaklasanum frá Lyngdalsheiði og Laugardal til Hlöðuvalla, en þar er vatnaskila að vænta. Í smálind í Helgadal í Laugarvatnsfjalli var klórðostyrkur næstum 7 ppm. Í Skillandsá var hann 4,5 ppm, en í henni er talsvert lindavatn, sem gæti hafa haft svipaðan styrk og í Ljósánum (4,2 ppm). Meginvatnið kom (byrjun október) upp í möl í farvegi árinnar í 280 - 300 m y.s. hæð. Er ekki ólfklegt, að þar sé einnig lindavatn á ferðinni í einhverjum mæli. Vallalækur kemur upp í framhaldsstefnu brotsins á Hrossadalsbrún en er lítið vatn og því vart mjög langt að runninn, þó hann komi upp á sprungum. Klórðostyrkur í honum var 4,6 ppm. Í lindunum austan í Lyngdalsheiði er klórðostyrkur 5 - 7 ppm og fer vaxandi suður eftir. Í lindum undan rótum Búrfells var klórð 8,2 ppm, en súlfat var þar ögn hærra en viðast annars staðar, enda kemur vatnið undan móbergsfjalli. Þessi gildi má túlka svo, að sunnan til á Lyngdalsheiði sé staðbundinn styrkur klórðs 8 - 9 ppm, lækki í 6 - 7 ppm yst (syðst) á Laugardalsfjöllum vestan til, en svo í kringum 4 ppm innan til á fjöllunum. Er þetta í góðu samræmi við dreifingu klórðogilda á svæðinu kringum Bjarnarfell.

Samkvæmt þessu væri uppruna Ljósár að leita á innanverðu Miðdalsfjalli, Skillandsá á Skillandsdal og Vallalækjar í nánd við innanverðan Hrossadal. Lindirnar undan Lyngdalsheiði væru þá blanda af fjallavatni, sem rynni að eftir sprunguskörum, fyrst og fremst, með klórðostyrk 4 - 5 ppm, en blandaðist í innri lindánum (Djúpá, Djúpakvísl) við staðbundið vatn með 6 - 7 ppm (nærri til helminga ?) en í ytri lindunum við staðbundið vatn með nærrí 8 ppm klórð (næstum 80 % ?, mun minna með sblöndun út heiðina). Í samræmi við þessar túlkanir væri lindavatn við Kaldárhöfða (klórðostyrkur 5,8 ppm) etv. allt að hálfu komið eftir sprunguskörum innan af Laugardalsfjöllum, en að öðru leyti frá staðbundnu vatni út Lyngdalsheiði.

Samkvæmt framanskráðu virðist ísklegt að klórð við vesturmörk vatnsviðs Þingvallavatns sé 7 - 8 ppm, minnki úr 6 í 4 ppm inn eftir fjöllunum að austan, sé 3 - 4 ppm á jöklunum (í jökulvatninu), en minnki úr 6 í 5 ppm upp eftir hraununum upp frá Ármannsfelli. Jafnstyrkslfnur, sem dregnar væru fyrir klórð á þessum grundvelli, hefðu um margt sömu lögum og legu og jafnstyrkslfnur, sem dregnar hafa verið fyrir áætlað tvívetni í úrkomu (Bragi Árnason 1976). Aðalmunurinn lægi í því, að lágstyrkssvæði teygir sig lengra út á Laugardalsfjölin samkvæmt klórðinu. Það er raunar í samræmi við meiri og betri þekkingu á aðstæðum og einnig í samræmi við helstu skekkjuvalda, sem til hafa verið greindir hér að framan varðandi tvívetniskortið. Í því ljósi ber þessum tvennum kortlagningum merkilega vel saman, svo valtur sem grunnurinn er að báðum.

Klórðostyrkur í lindavatni á Almannagjárvæðinu (6,5 ppm) gæti samkvæmt því verið blanda til nærrí helminga af vatni af vesturjaðri vatnsviðsins (um 7,5 ppm) og af hraununum upp af Þingvallasveit (um 5,5 ppm). Tölur þessar eru þó það ónákvæmar, að ekki verður glöggt kveðið á um samsetningu og hlutföll vatns af einstökum svæðum. Samt er ísklegt, að hlutfall jökulvatns (með klórð um 3,5 ppm) sé frekar lítið í þessum grunnvatnsstrumi. Miðað við úrkomu á vesturfjöllin (meiri) og á hraunin (minni) er ísklegt, að safnsvæði (aðrennslissvæði) þessa grunnvatnsstraums nái alllangt austur á hraunin, etv. austur á Skjaldbreið.

Klórðostyrkur í lindavatni á Hrafnagjárvæðinu (4,7 - 5,1 ppm, Jón Ólafsson 1992) er til muna minni, enda ískur að staðbundið grunnvatn sé almennt klórðsnaðara austan til, ísklega 6 - 7 ppm niður undir Þingvallavatni, 5 - 6 ppm á hraununum í Þingvallalægðinni, 4 - 5 ppm á innanverðum fjöllunum og 3 - 4 ppm á og við jökul. Vera má, að klórðostyrkurinn sé eitthvað hærrí á utan- og vestanverðum fjöllunum, en hér er gert ráð fyrir, vegna áhrifa útsynningsins. Þá væri

hugsanlegt, að meðaltalsstyrkur klórfðs á lísklegu aðrennslissvæði inn undir Skjaldbreið væri um 6 ppm en um 4 ppm þaðan inn um regnskuggann bak við Skjaldbreið og upp á jökul. Samkvæmt klórfðstyrknum kæmi þá vatnið nærrí hálfu af hvoru svæði, þó ef til vill heldur meira innan að. Miðað við þau vatnsvið, sem giskað hefur verið á austan þessa og vestan, þá yrði það að vera bæði langt og mjótt og fylgja þróngri sprungurein Hrafnagjársprunguskarans inn undir Langjökul.

Nokkuð vantar enn á upplýsingar um efnainnihald í vatni á vatnsviðinu, einkum um innanverð Laugardalsfjöllin, svo og vantar nokkuð á upplýsingar af vatnsviðum Brúarár og Tungufljóts, svo að kveða megi nánar á um austurmörk grunnvatnssviðs Þingvallavatns. Áætluð mörk vatnsviðsins og skifting þess á grunnvatnsstrauma er annars í þokkalegu samræmi við jarðgerð og hæð grunnvatnsborðs, svo langt sem þessir mismunandi upplýsingahópar ná.

Samsætur:

Hér skal ekki fjölyrt mikið um samsæturnar. Um þær hefur verið skrifað annars staðar (sjá fyrri tilvitnanir) og hér að framan hefur verið bent nokkuð á kosti og galla mælinga á þeim og túlkun þeirra. Fylgni er veruleg milli tvívetnis og þungs súrefnis, nema þar sem uppgfun veldur frávikum (Árný E. Sveinbjörnsdóttir og Sigfús J. Johnsen 1992). Hér verður því einungis litid til þess, hvernig tilverandi gögn um tvívetnismælingar (Bragi Árnason 1976, Árný E. Sveinbjarnsdóttir og Sigfús J. Johnsen 1992) falla að þeim gögnum og túlkunum, sem lýst er hér að framan.

Tímaráðir sýna, að verulegar sveiflur geta verið á mældu tvívetnisinnihaldi, eða -64 - -72 0/00 δD í Háugjá á Þingvöllum, í Öxará -59 - -64 0/00 δD (Árný E. Sveinbjörnsdóttir og Sigfús J. Johnsen 1992) og -69 - -78 0/00 δD í Brúará (Bragi Árnason 1976). Mun minni voru sveiflurnar í t.d. Vellanköltu. Í Sogi (Bragi Árnason 1976) voru sveiflurnar -63,6 - -66,3 0/00 δD, en meðaltalið -65,5 0/00 δD. Við þetta er að miða. Hér á eftir eru tímundar saman nokkrar tölur úr tilgreindum heimildum (BÁ 1976, ÁES&SJ 1992), þær sem lísklegastar hafa hér verið taldar til að vera marktækir. Er þar stundum um meðaltöl að ræða, en yfirleitt er aukastöfum sleppt, þar eð þeir virðast ekki vera marktækir, miðað við dreifingu mældra gilda.

Staður:	Heimild:	Tvívetni, δD:
Silfra	ÁES&SJ 1992	-69
Flosagjá, Nikulásargjá	BÁ 1976, ÁES&SJ 1992	-65
Vellankatla	BÁ 1976	-72
Vellankatla	ÁES&SJ 1992	-73
Sæluhúsakvísl ?	BÁ 1976	-66
Sæluhúsakvísl ?	ÁES&SJ 1992	-64
Brunnar ?	BÁ 1976	-68
Leirá á Kaldadal	ÁES&SJ 1992	-74
SV-Langjökull	BÁ 1976	-76 - -78
Stóra-Björnsfell	ÁES&SJ 1992	-72 - -76
Ljósár	BÁ 1976	-73
Grjótá v. Bláfellsháls	BÁ 1976	-74
Brúará	BÁ 1976	-75

Á það skal bent, að meira eða minna fer saman lægra hlutfall tvívetnis (*hærri* neikvæð tala í δD) og lægri styrkur klórfðs í vatni á svæðinu. Gildin af vesturmörkum vatnsviðsins, upp til Kaldadals og Stóra-Björnsfells, eru í all góðu samræmi við tvívetnisstyrk í Silfru, miðað við legu þeirra á lísklegu aðrennslisvæði Almannagjársprunguskarans. Miðað við lískleg frá áætluðu tvívetniskorti (sjá hér að framan) og t.d. tvívetnisgildin í Grjótá og Brúará, þá er lísklegt, að

gildin í Ljósánum samsvari úrkomu á innanverð Laugardalsfjöll, án þess að grípa þurfi til jökulvatns. Miðað við það og tilgreind gildi, þá er ekki ólfslegt, að gildin frá Skjaldbreið inn á jökul séu á bilinu -73 - -78 0/00 δD en frá Þingvallavatni inn á Skjaldbreið -62 - -72 0/00 δD. Vatnið í Vellankötlu væri þá að rúmlega helmingi ættað af innra svæðinu, lfsklega að meirihluta þar sem jökulvatn. Þetta er í býsna góðu samræmi við það, sem áætla má á grundvelli efnagreininganna, eins og greinir hér að framan.

Þessi lauslega skoðun á túlkun samsætugreininga á vatnasviðinu bendir til þess, að þeim beri vel saman við önnur gögn og athuganir, þegar gerðar hafa verið eðlilegar leiðréttigar á áætlun um dreifingu tvívetnisgilda í úrkomu og greindum sýnum hefur verið skipað á réttan vatnajarðfræðilegan sess.

Samskoðun tilverandi upplýsinga:

Framangreindum upplýsingum eða gagnahópum má raða þannig að litið sé til uppkomu grunnvatns og hvernig rekja megi hlutadeigandi grunnvatnsstrauma til upptaka og til vatnaskila. Gagnahópum þessum er þá eðlilegt að raða sem hér segir:

1. Lindasvæði, staðsetning og vatnsmegin.
2. Grunnvatnsborð á vatnsviðinu og halli þess til lindasvæða.
3. Vatnajarðfræðileg gerð vatnsviðsins, sem stýrir grunnvatnsstraumum.
4. Efnainnihald og samsætur í grunnvatni, sem rekja má til upprunasvæða.

Vestari grunnvatnsstraumurinn til Þingvallavatns (Almannagjár - sprunguskarinn) flytur lfsklega 40 - 65 m³/s og hefur afrennsli upp til Þórisjökuls og í undirfjöll Langjökuls þar. Klórfsöstyrkur í Flosagjá á Þingvöllum hefur greinst um 6,5 ppm, en er nærrí 7 ppm í grunnvatninu á vestur-jaðri vatnsviðsins, er lfsklega 5 - 6 ppm á hraununum innan Ármannsfells og lfsklega 3 - 4 ppm í jökulvatninu. Hlutdeild vatns af vestanverðu svæðinu er því lfsklega veruleg, en hlutdeild jökulvatns sennilega takmörkuð. Grunnvatnsborð nær lfsklega ekki 350 - 400 m y.s. hæð fyrr en uppi á Kaldadal og uppi undir Þórisjökli. Það er því lfsklega frekar lágt í Þingvallavatnslægðinni, inn undir eða inn fyrir Skjaldbreið. Vesturmörk vatnsviðsins virðast vera nokkuð ljós á eldra og minna leka bergen sunnan til, þar sem þau fylgja yfirborðsvatnaskilum að mestu leyti. Norðurmörkin eru undir jökli og því óþekkt enn þá, þó að vera megi að upphleðsla fjalla og ummyndun bergs í tengslum við megineldstöð þá, sem kennir er stundum við Prestahnjúk, valdi þar hárrí grunnvatnstöðu og jafnvel vatnaskilum. Óvisst er um vatnaskil aðrennslissvæðisins að austan. Því meira sem vatnsmeginið er, því lengra austur með Þórisjökli þarf að teygja aðrennslissvið þessa straums.

Austari grunnvatnsstraumurinn til Þingvallavatns (Hrafngjár - sprunguskarinn) flytur lfsklega 20 - 45 m³/s og hefur afrennsli ofan frá Langjökli. Klórfsöstyrkur í lindum í Þingvallavatni hefur greinst um 5 ppm, en er lfsklega 5 - 7 ppm inn eftir hraununum og utanverðum fjöllunum austan þeirra, nærrí 4 ppm á innanverðum fjöllunum og um eða innan við 3 ppm í jökulvatninu. Samkvæmt því gæti vatnið verið komið til nærrí helminga af hvoru svæðinu, innan við og ofan við Skjaldbreið. Ef áætlað vatnsmegin er með minna móti, þá fylgir vatnsviðið mjög þróngt sprunguskörum og fjallgorðum austast í Þingvallavatnslægðinni, eins og raunar margt bendir til. Ef áætlað vatnsmegin er með meira móti, þá nær aðrennslissvæðið lengra vestur, en ekki endilega neitt lengra til austurs. Grunnvatnsborð er hugsanlega í 400 - 450 m y.s. hæð frá innanverðum Laugardalsfjöllum, um Hlöðuvelli og inn undir Langjökul, sem væri í samræmi við jarðgerð (minni lekt þar í bergi og misleitni). Vatnaskilin væru þá um Laugardalsfjöll, lfsklega vestanverð, eða jafnvel í fjallgorðunum vestan þeirra.

Í Haukadal og Fljótsbotnum koma upp um $30 \text{ m}^3/\text{s}$ en í Úthlóðarhrauni og í Brúarárskörðum einnig um $30 \text{ m}^3/\text{s}$. Ísklegt er, að straumar þessir tveir klofni um miður lekt svæði umhverfis eldri megineldstöð undir Bjarnarfelli. Klórföstykur er um $4\frac{1}{2} \text{ ppm}$ í Brúará, $3 - 4 \text{ ppm}$ í lindunum til Tungufjóts - og í Innri-Káláfá, um 5 ppm í kringum Bjarnarfell og ísklega um eða innan við 3 ppm í jökulvatninu, en sennilega um eða yfir 4 ppm að baki byggðafjöllunum. Samkvæmt því væri verulegur hluti alls þessa vatns undan Langjökli og því minna til skiftanna til Þingvallavatns. Grunnvatnsborð er ísklega "stíflað uppi" í Hagavatni, í um 440 m y.s. , er komið niður í og niður fyrir 300 m y.s. í Haukadalsheiði og niður fyrir 200 m y.s. við Brúará. Í Brúarárskörðum nær grunnvatn upp í um 400 m y.s. en vatnsmeigin er ekki mikil úr gljúfrunum sjálfum, samanborið við vatnið niðri í Úthlóðarhrauni. Því er ísklegt, að mesta aðrennslíð sé austar, vatnaskil liggi hátt að vestan og ísklega í Miðdalsfjalli (innanverðum Laugardalsfjöllum), og þá vatnaskil til Þingvallavatns í samræmi við það. Hlutdeild jökulvatns væri þá ísklega meiri en getið hefur verið til (Freysteinn Sigurðsson 1991), en það byggði, að því er nú sýnist vera, m.a. á ofmati áður á úrkому á svæðinu að baki byggðafjallana.

Undan Lyngdalsheiði í vestanverðum Laugardal falla um $10 \text{ m}^3/\text{s}$ en um $5 \text{ m}^3/\text{s}$ innan af dalnum sjálfum og fjöllunum við hann, einkum að austan, að ískindum. Klórföstykur í lindunum á dalnum og vatni innan af honum (sennilega af Miðdalsfjalli og innanverðum Laugardalsfjöllum) er $4 - 5 \text{ ppm}$, en $5 - 7 \text{ ppm}$ í lindunum vestan Laugardals og um eða yfir 8 ppm sunnanhalt á eða sunnan Lyngdalsheiðar. Lindirnar vestan dalsins koma upp á sprungum og eru væntanlega blanda af vatni innan af fjöllunum og af Lyngdalsheiði og völlunum norðan hennar, því meira blandað, sem utar dregur. Vatnaskil milli Laugardals og Þingvallavatns eru því ísklega einhvers staðar í utanverðum og etv. vestanverðum Laugardalsfjöllum, eða jafnvel í fjallgörðunum vestan þeirra. Nánari mynd vantart enn af sprungum og annarri höggun (tektónisk) á því svæði.

Samræmi er gott milli efnainnihalds og tvívetnisstyrks, þegar gerðar hafa verið þær breytingar á tvívetniskorti, sem getið var til í upphafi að þurfa kynni (Bragi Árnason 1976). Aðalmunurinn frá tilverandi korti væri sá, að lágstyrkssvæði teygði sig lengra út á Laugardalsfjöllin og ísklega íska út á byggðafjöllin í Biskupstungum en talið var áður. Grunnhugmynd um vatnasvið og vatnaskil var ekki alls ólisk því, sem nú virðist vera ísklegt. Þó eru vesturmörkin færð austar á Kaldadal, Laugardalsfjöllin og Lyngdalsheiði verða með sérstök en samtengd vatnasvið og aðrennslí Brúarár kemur einkum úr austlægri eða norðaustlægri átt (einkum jökulvatnið). Óvissur eru þó enn verulegar, eins og fram kemur vísá hér að framan.

Óleyst vandamál og frekari rannsóknir:

Fimm höfuðvandamál eru enn óleyst eða í nokkurri óvissu:

1. Norðurmörk vatnasviðsins undir Langjökli. Þar þarf fyrst jökulkort (íssjá).
2. Austurmörk vatnasviðsins. Að þeim verða enn þá einungis leiddar getur.
3. Skifting vatns og vatnasviða milli Þingvallavatns og Brúarár. Vatnasvið Brúarár er ekki enn nógu ljóst.
4. Suðausturmörk vatnasviðsins. Eftir er að afmarka aðrennslissvæði linda í Laugardal.
5. Skifting vatns og vatnasviðs á megingrunnvatnsstrauma til Þingvallavatns. Skifting þessi er enn nokkuð óviss.

Fyrsta vandamálið, norðurmörk vatnasviðsins, hefur lístinn tilgang að kanna með öðrum aðferðum, fyrr en jökulkort (íssjá) liggur fyrir. Slíkar rannsóknir verða því að býða. Annað og þriðja vandamálið tengast innbyrðis. Vatnasvið Brúarár og Tungufjóts eru rannsóknarvirði af ýmsum öðrum orsökum einnig, en vegna þess vandamáls, sem hér er við að glíma, er ísklegt að

foldarskoðun og sýnataka í two daga, ásamt greiningu á 10 - 15 sýnum (klórfð og súlfat), myndi duga til að varpa nægjanlegu ljósi á það. Sviðaðan tíma - og greiningar - myndi þurfa til rannsókna á Laugardalsfjöllunum, ef vel tekst til. Þar væri æskilegt að kanna grunnvatnshæð með borunum á Hlöðuvöllum og etv. uppi undir Skerslum eða Tjaldfelli. Niðurstaða þeirrar borunar gæti kallað á fleiri boranir, austar eða vestar. Því er rétt að ganga að þeim í áföngum. Fjórða vandamálið mætti líklegast skýra eitthvað með viðeigandi foldarskoðun og sýnatöku í a.m.k. einn dag. Til lausnar því er einnig gagnlegt og jafnvel nauðsynlegt, að vinna höggula greiningu (tektóniska analýsu) af vatnasviðinu, sem útheimtir loftmyndir í vísísjá (stereo) af svæðinu og nokkurra daga vinnu. Sú greining nýtist við lausn á flestum öðrum vandamálum, en þó einkum og sér í lagi við lausn fimmta vandamálsins. Vegna þess sérstaklega væri gagnlegt að kanna betur land og vatn með undirfjöllum jöklanna, etv. einn eða two daga. Einnig þarf að líkkindum borholur til könnunar á grunnvatnshæð. Loks þarf að shuga, hvernig mæla megi sem best og haganlegast útrennsli hinna tveggja meginstrauma í Þingvallavatn.

Fyrri rannsóknir og rannsóknir þær, sem gerðar voru 1995, hafa leitt margt í ljós um vatnasvið Þingvallavatns, sem byggir á samhæfðum gögnum um mismunandi viðmál (parametra), þó að sitt hvað sé enn ekki þekkt eða óljóst. Miklar líkur má leiða að því, að sum þau vandamál, sem enn standa eftir, megi leysa á tiltölulega einfaldan hátt, þannig að niðurstöður þeirra rannsókna falli inn í samræmt gangasafn tilverandi niðurstaðna. Að því er mikill hagur.

Samantekt á niðurstöðum:

Af framangreindu má ljóst vera, að túlkun á mismunandi og innbyrðis óháðum gögnum (jarðgerð og lektargreining, grunnvatnsborð og lindauppkomur, efnainnihald, samsætuinnihald) ber öllum merkilega vel saman, þó að grunnurinn undir hverjum gagnahópi sé misvel traustur og stundum jafnvel eilstið valtur. Eykur það trú á því, að samskoðaðar niðurstöður muni ekki vera alls fjarri sanni. Verða þessar niðurstöður dregnar saman hér á eftir.

Fyrst er að líta á líkleg mörk vatnasviðs Þingvallavatns. Vesturmörkin virðast vera einna ljósust. Þau fylgja að mestu leyti vatnaskilum á yfirborði, allt norður undir Brunna. Þaðan liggja þau um lekt berg og sprungusvæði í áttina upp á Kaldadal og - sennilega - inn á fjöllin undir Þórisjökli og Geitlandsjökli. Norðurmörk vatnasviðsins eru undir Langjökli og verður ekki á þau kveðið, fyrr en viðeigandi jökulkort (fssjárvirk) liggur fyrir.

Austurmörk vatnasviðsins eru til muna óvissari. Vatnsmegin (mikið) og efnainnihald (lítið klórfð) á vatnasviði Brúarár og Tungufljóts benda til þess, að verulegur hluti jökulvatns komi þar fram. Klórfðstyrkur og tvívetnisstyrkur benda til þess, að umtalsvert jökulvatn renni til austari sprunguskarans við Þingvallavatn (Vellankatla o.fl. lindir), eða a.m.k. fjórðungur til þriðjungur þess vatns, sem þar kemur fram. Fer það eftir vatnsmegini því, sem þar kemur upp, hversu langt austur á jökul þarf að teygja vatnaskilin, og þá einnig sunnan hans. Líklegar grunnvatnshædir og vatnafarsaðstæður benda til þess, að hæð eða bunga gæti verið í grunnvatninu um innanverð Laugardalsfjöll. Lægju þá vatnaskilin líklega út eftir þeim vestanverðum en inn um Hlöðufell, eða þar í nánd. Nánari skoðun þarf á þessu svæði og könnunarboranir að auki.

Nokkur óvissa er einnig með suðausturmörk vatnasviðsins. Þó er svo að sjá á klórfðstyrk og vatnsmegin linda, að lítið vatn falli til Þingvallavatns af Lyngdalsheiði, eitthvað suður til Kaldár (við Sog), en mest austur til Laugardals. Þau vötn hafa einnig nokkuð afrennsli innan af vestanverðum Laugardalsfjöllum, en það virðist Kaldá líka hafa að einhverju leyti. Vatnajardfræðilegar skýringar á þessu streymismynstri liggja ekki með vissu fyrir, þó að geta megi sér til um ýmsar orsakir: Eldra og þéttara berg undir grágrýtisskildi Lyngdalsheiðar, skaraðar sprungur frá austurhlíðum Lyngdalsheiðar og upp og vestur í fjöllin, mjög skörp misleitni í fjallgörðunum vestan Laugardalsfjalla, o.fl. Nánari skoðun á vatnajardfræði þessa svæðis og höggul grein-

ing (tektónisk analýsa) gætu varpað ljósi á þetta vandamál.

Næst er að líta á grunnvatnsstraumana. Þeir virðast vera einkum tveir, sem falla til Þingvallavatns, og tengjast vestari (Almannagjá o.fl.) og austari (Hrafnagjá o.fl.) sprunguskörum norðan við vatnið. Samkvæmt efnagreiningum (Jón Ólafsson 1992) hefur verið talið, að $64 \text{ m}^3/\text{s}$ renni út í vatnið í vestari straumnum en $22 \text{ m}^3/\text{s}$ í þeim austari. Aðrennslissvæði Þingvallavatns að norðan skiftist þá ærið ójafnt milli sprunguskaranna og ósamræmi væri einnig milli afbræðslu fss af vatninu og vatnsmegins straumanna (Guttormur Sigbjarnarson, óbirt gögn). Helmingaskifti á vatninu hafa verið talin líklegri á þeim grunni. Þetta mál þarf greinilega að skoða betur.

Ekki verður hægt að marka þessum tveimur megingrunnvatnsstraumum vatnasvið fyrr en jökul-kortið liggur fyrir, ytri mörk vatnasviðs Þingvallavatns eru ljós, skifting vatns á milli þeirra er komin á hreint og höggul greining (tektónisk analýsa) hefur verið gerð af svæðinu. Því er að svo stöddu ekki hægt að kveða með vissu á uppruna grunnvatnsins í hvorum straumi fyrir sig. Þó virðast vera ábendingar í efnainnihaldi - og tvívetnisinnihaldi - fyrir því, að vestari straumurinn fái vatn sitt einkum af vesturjaðri svæðisins og hraununum milli Þingvallavatns og Langjökuls, en austari straumurinn fái verulegt vatn frá fjallgörðunum vestan Laugardalsfjalla og ofan frá Langjöklum.

Rannsóknirnar sumarið 1995 hafa að vísu hvergi næri leyst öll vandamál, sem fyrir lágu, en margt hefur þó skýrst. Telja verður að vesturmörk vatnasviðs Þingvallavatns séu nú að sinni nögu vel pekkt. Norðurmörkin verða að býða jölkulkortsins, eðli sínu samkvæmt. Líkur hafa verið leiddar að legu austur- og suðausturmarka vatnasviðsins, og hverra frekari rannsókna sé þörf til að greina þau gleggra. Frekari stöðum hefur verið rennt undir skiftingu grunnvatnsstraumanna í tvennt, í tengslum við megin sprunguskara. Líkur hafa verið leiddar að uppruna vatns í þeim, hvorum fyrir sig, en skifting vatnsmegins í þeim og mörk aðrennslissviða þeirra eru ekki enn endanlega ljós. Bent hefur verið á nauðsyn þess að greina vatnasvið Brúarár og Tungufjóts til að afmarka vatnasvið Þingvallavatns.

Heimildaskrá:

Adda Bára Sigfúsdóttir 1990: Úrkumumælingar við Hvalvatn. Í: Guttormur Sigbjarnarson (ritstjóri): Vatnið og landið, 59 - 63. Orkustofnun, Reykjavík.

Árni Hjartarson og Freysteinn Sigurðsson 1988: Lindir í uppsveitum Árnse- og Rangárvallasýlu. OS-88013/VOD-96 B. Orkustofnun, skýrsla, Reykjavík. 24 s. + 4 kort.

Árni Hjartarson og Þóroddur F. Þóroddsson 1981: Kaldar lindir og lindasvæði. Árnessýsla milli Sogs og Hvítár. ÁH-PP-81/03. Orkustofnun, greinargerð, Reykjavík. 24 + 1 s.

Árný E. Sveinbjörnsdóttir og Sigfús J. Johnsen 1992: Stable isotope study of the Thingvallavatn area. Groundwater origin, age and evaporation models. Í: Pétur M. Jónasson (ritstjóri: Thingvallavatn, 136 - 150. OIKOS 64, 1 - 2, Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn.

Bragi Árnason 1976: Groundwater systems of Iceland. Vísindafélag Íslands XLII. Reykjavík, 236 s.

Freysteinn Sigurðsson 1985: Jarðvatn og vatnajarðfraði á utanverðum Reykjanesskaga, I - IV. OS-85075/VOD-06. Orkustofnun (unnið fyrir Hitaveitu Suðurnesja), skýrsla, Reykjavík. 290 s.

Freysteinn Sigurðsson 1991: Groundwater from glacial areas in Iceland. Jökull 40, 119 - 146.

Freysteinn Sigurðsson 1993: Groundwater chemistry and aquifer classification in Iceland. IAH - Memoires, Volume XXIV, Part 1, 507 - 518. International Association of Hydrogeologists.

Freysteinn Sigurðsson 1994: Fjallgarðar - Þrífyrningsdalur. Efnagreiningar á grunnvatni. OS-FS-94/04. Orkustofnun, greinargerð, Reykjavík, 6 s + 2 kort.

Freysteinn Sigurðsson 1995: Vatnið í lindunum. Í: Eyjar í eldhafi. Afmælisrit Jóns Jónssonar, 53 - 66. Gott mál, Reykjavík.

Freysteinn Sigurðsson og Jón Ingimarsson 1990: Lekt íslenzkra jarðefna. Í: Guttormur Sigbjarnarson (ritstjóri): Vatnið og landið, 121 - 128. Orkustofnun, Reykjavík.

Freysteinn Sigurðsson og Kristinn Einarsson 1988: Groundwater resources of Iceland. - Availability and demand. Jökull, 38, 35 - 54.

Guttormur Sigbjarnarson 1966 a: Vatnafræði sogsins I. Nokkrar undirbúningsathuganir að rannsóknum á aðrennslissvæði Sogsins. Greinargerð. Raforkumálastjóri. 21 s. + 4 myndir.

Guttormur Sigbjarnarson 1966 b: Vatnafræði Sogsins II. Samanburður á rennsli og úrkomu. Greinargerð. Raforkumálastjóri. 15 s. + 6 myndir.

Hákon Aðalsteinsson, Pétur M. Jónasson og Sigurjón Rist 1992: Physical characteristics of Thingvallavatn, Iceland. Í: Pétur M. Jónasson (ritstjóri): Thingvallavatn, 121 - 135. OIKOS 64 1- 2, Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn

Helgi Björnsson 1988: Hydrology of Ice-Caps in Volcanic Regions. Vísindafélag Íslendinga, Rit XLV. 139 s + 21 kort.

Jón Ólafsson 1992: Chemical characteristics and trace elements of Thingvallavatn. Í: Pétur M. Jónasson (ritstjóri): Thingvallavatn, 151 -161. OIKOS 64 1 - 2, Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn.

Kjartan Thors 1992: Bedrock, sediments and faults in Thingvallavatn. Í: Pétur M. Jónasson (ritstjóri): Thingvallavatn, 69 - 79. OIKOS 54 1 - 2, Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn.

Kristján Sæmundsson 1992: Geology of the Thingvallavatn area. Í: Pétur M. Jónasson (ritstjóri): Thingvallavatn, 40 - 68. OIKOS 64 1 - 2, Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn.

Markús Á. Einarsson 1992: Climatic conditions of the Thingvallavatn area. Í: Pétur M. Jónasson (ritstjóri): Thingvallavatn, 96 - 104. OIKOS 64 1 - 2, Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn.

Sigurður R. Gíslason 1985: Meteoric water - Basalt Interactions. A Field and Laboratory Study. 238 + xiv s. Ph.D. Thesis at the John Hopkins University, Baltimore, USA.

Sigurður R. Gíslason 1991: The chemistry of precipitation on the Vatnajökull glacier and chemical fractionation caused by the partial melting of snow. Jökull, 40, 97 - 118.

Sigurður R. Gíslason 1993: Efnafraði úrkomu, jöklar, árvatns, stöðuvatna og grunnvatns á Íslandi. Náttúrufræðingurinn, 65, 3 - 4, 219 - 238. Náttúrufræðingurinn osfrv.

Reykjavík, 20.12.1995.

Freysteinn Sigurðsson
jarðfræðingur á Orkustofnun

Guttormur Sigbjarnarson
jarðfræðingur